

**Sp.**

## **216. Skýrsla**

iðnaðarráðherra til Alþingis um starfsemi ríkisfyrirtækja og hlutafélaga með ríkisaðild er tilheyra starfssviði iðnaðarráðuneytis.

### **Formáli**

Lögum samkvæmt fer iðnaðarráðherra með málefni ríkisfyrirtækja á sviði iðnaðar- og orkumála, auk þess fer hann með mál er snerta eignaraðild ríkisins í ýmsum hlutafélögum.

Eðlilegt verður að teljast, að Alþingi sé reglulega gerð grein fyrir starfsemi fyrirtækjanna, afkomu þeirra og fjárhagsstöðu. Er það tilgangur eftirfarandi skýrslu.

Eigi nýmæli það, sem fólgir er í útgáfu skýrslunnar, áhuga að fagna meðal alþingismanna, kæmi til greina að leggja fyrir Alþingi í byrjun þings hverju sinni skýrslu af sama tagi.

Desember 1983.

*Sverrir Hermannsson,*  
iðnaðarráðherra.

### **Efnisyfirlit**

Hitaveita Suðurnesja, h.f. ....	
Iðnaðarbanki Íslands h.f. ....	
Íslenska járnblendifélagið h.f. ....	
Kísiliðjan h.f. ....	
Kísilmálmvinnslan h.f. ....	
Lagmetisiðjan Siglósíld ....	
Landssmiðjan ....	
Landsvirkjun ....	
Orkubú Vestfjarða ....	
Rafmagnsveitur ríkisins ....	
Ríkisprentsmiðjan Gutenberg ....	
Sementsverksmiðja ríkisins ....	
Sjóefnavinnslan h.f. ....	
Steinullarverksmiðjan h.f. ....	
Þörungavinnslan h.f. ....	

## Hitaveita Suðurnesja, Svartsengi.

### Eignaraðild.

Hitaveita Suðurnesja var stofnuð með lögum nr. 100 frá desember 1974.

Á Suðurnesjum eru sjö sveitarfélög.

Eignaraðild hitaveitunnar er þannig skipt, að sveitarfélögin eiga samtals 60%, og er skipting þeirra innbyrðis eftir höfðatölu þeirra 1. desember 1974, en eignarhluti ríkisins er 40%. Var talið eðlilegt, að ríkið væri eignaraðili til þess að tryggja sér réttinn til upphitunar á Keflavíkurflugvelli.

### Vinnslutækni orkuversins.

Vegna hitastigsins og seltu vatnsins sem kemur upp úr borholunum, þurfti að hanna hitaskiptaaðferð, sem gerði kleift að nýta hitaorkuna. Ferskt kalt vatn er leitt í orkuverið og hitað þar upp í 85—125°C, en síðan er því dælt til byggðanna, þar sem það er notað beint til upphitunar eða venjulegrar neyslu. Áætlað er, að orkuþörf neytendanna næstu árin verði u. þ. b. 110 MW eða 350 l/sek af heitu vatni, en það samsvarar hitaorku í 15 tonnum af olíu á klst.

### Dreifikerfi.

Dreifikerfi Hitaveitu Suðurnesja nær nú til allra sveitarfélaga á Suðurnesjum, auk Keflavíkurflugvallar. Samanlögð lengd alls dreifikerfisins og aðveitulagna var í árslok 1982 um 290 km. Einfalt dreifingarkerfi er í öllum sveitarfélögum, en á flugvallarsvæðinu er tvöfalt dreifikerfi, þ. e. vatnið kemur til endurnýtingar.

Aðallagnir frá Svartsengi eru lagðar ofanjarðar og einangraðar með steinull og síðan varðar með álþynnum. Allar aðrar pípur eru neðanjarðar frá bæjarmörkum þéttbýliskjarna og þar af leiðandi ekki til trafala eða lýta. Vatn sem fer til Grindavíkur er 83°C heitt og er gert ráð fyrir að það sé 80°C við bæjarmörk. Það vatn, sem sent er til byggðanna norðar á skaganum, fer út um 125°C heitt, en í dælustöðinni í Njarðvík er það blandað með bakrennslisvatni frá flugvallarsvæðinu og síðan sent út 80°C heitt til notendanna. Almennt er reiknað með, að frárennslið frá notendum sé ekki heitara en 40°C.

Augljóst er að vatnstaka í Svartsengi af fersku vatni verður mjög mikil eða allt að 1200 tonnum á klukkutíma. Ekki er þó talin hætta á of mikilli vatnsnotkun, þar sem áætlað er að meðalúrkomu, sem fellur á 15 km svæði, nægi til allrar vatnsparfar hitaveitunnar.

### Rafmagnsframleiðsla.

Háþrýstigufa er notuð til þess að framleiða rafmagn með milligöngu gufuhverfils. Í dag eru þrjár gufuhverflar í gangi og framleiða þeir 8 MW afl (1+1+6).

Orkuverið í Svartsengi notar um 1 til 2 MW til eigin nota. Önnur raforka, um 6 MW, er seld Landsvirkjun, sem síðan selur hana inn á dreifikerfi Rafmagnsveitna ríkisins.

### Aðrir nýtingarmöguleikar.

Árið 1981 gerðu nokkrir psoriasissjúklingar tilraunir með böðun í „bláa lóninu“, en bláa lónið myndaðist sem afrennsli úr hitaskiptum orkuversins í Svartsengi. Tilraunir þessar virtust gefa góða raun, enda er það í samræmi við það sem þekkt er frá öðrum stöðum, að brennisteinsríkt vatn hentar vel til lækninga á psoriasis, gigt, ischias, exemi o. fl.

Árangurinn sem náðst hefur í lækningu psoriasis gefur tilefni til þess að rannsaka betur lækningamátt „bláa lónsins“.

Menn telja líklegt að hentugt sé að reisa heilsuhæli í Svartsengi, sem gæti orðið vinsælt langt út fyrir Ísland, ef lækningamáttur lónsins er sá, sem fyrstu tilraunir benda til. Þegar er búið að reisa aðstöðu til gistingar og baða.

#### **Starfsemin 1982.**

Lokið var við dreifiveitu á Keflavíkurflugvelli og dreifiveitu í Höfnum ásamt aðveitilögnum þangað. Þá var einnig unnið að byggingu kaldvatnsgeymis í Svartsengi, sem lokið var síðsumars 1983.

Með tengingu Keflavíkurflugvallar í lok ársins 1982 bættist við vatnssala, álíka að vatnsmagni og salan til allra annarra byggða á svæði hitaveitunnar.

Starfslið hitaveitunnar í árslok 1982 var um 30 manns.

Á árinu 1982 var verulegur halli á rekstri hitaveitunnar. Aðalorsakir voru annars vegar, að vatnssala til varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli var þá ekki hafin að marki, og hins vegar verulegur fjármagnskostnaður, sem stafaði af háum vöxtum í erlendri mynt, svo og af því misvægi sem varð á árinu milli gengisskráningar íslensku krónunnar og almennra verðlagsbreytinga hér innanlands.

Þessi neikvæða staða fyrirtækisins ætti þó að breytast verulega þegar á árinu 1983, en þá er áætlað að tekjur vegna vatnssölu hækki um liðlega 100% að raungildi. Koma hér einkum til fullar tekjur af vatnssölu til varnarliðsins.

Að því tilskildu að verðskrá verði í samræmi við byggingavísitölu næstu misserin, áætlað hitaveitan, að afkoma hitaveitunnar verði í jafnvægi eftir u. þ. b. 2 ár.

Staða skv. rekstrarreikningi og efnahagsreikningi í árslok 1982:	kr.
Rekstrartekjur .....	62 539 771
Rekstrargjöld .....	(59 162 485)
Nt. fjármagnstekjur (gjöld) .....	(81 699 150)
Hagnaður (tap) .....	(78 321 864)
Eignir .....	894 320 396
Skuldir .....	751 465 027
Eigið fé .....	142 855 369

Stjórnarmenn ríkisins frá 27. apríl 1983 til jafnlengdar 1984: Þóroddur Th. Sigurðsson, verkfræðingur, skipaður af iðnaðarráðherra, og Kjartan Kristófersson, vélstjóri, skipaður af fjármálaráðherra. Framkvæmdastjóri er Ingólfur Aðalsteinsson.

## **Iðnaðarbanki Íslands h.f., Reykjavík.**

Um Iðnaðarbanka Íslands h.f. gilda lög nr. 113 frá 29. desember 1951 ásamt síðari breytingum. Stofnfundur var haldinn í október 1952 og hóf bankinn starfsemi í júní 1953 og er því 30 ára um þessar mundir.

Hlutfé bankans var í upphafi 6,5 millj. gkr., þar af lagði ríkið fram 3 millj. kr. eða 46% hlutfjár. Hlutfé bankans hefur verið aukið nokkrum sinnum. Tvisvar hefur ríkið afsalað sér rétti sínum til hlutfallslegrar aukningar hlutfjáreignar, og hefur því hlutdeild ríkisins minnkað í 27%. Iðnaðarráðherra skipar tvo af fimm bankaráðsmönnum til eins árs í senn.

Útibú bankans eru nú sjö að tölu, þar af fjögur utan Reykjavíkur, í Hafnarfirði (1964), á Akureyri (1965), á Selfossi (1977) og í Garðabæ (1982). Áttunda útibú bankans var opnað í Reykjavík í nóvember 1983.

Veðdeild var stofnuð við bankann í marz 1970, m. a. í þeim tilgangi að veita lán til kaupa á verkfærum og smærri tækjum fyrir iðnaðarmenn. Lán til slíkrar fjárfestingar höfðu ekki verið veitt af fjárfestingarlánasjóðum iðnaðarins. Heildarútlán veðdeildar námu í árslok 1982 rúmlega 127 mkr.

Iðnlánasjóður hefur allt frá stofnun Iðnaðarbankans verið þar í vörzlu og bankinn annast daglegan rekstur hans.

Góð afkoma bankans undanfarin ár hefur gert mögulegt að gefa árlega út jöfnunarhlutabréf í samræmi við verðlagsþróun, auk þess sem greiddur hefur verið arður samsvarandi viðunandi ávöxtun af verðtryggðum skuldabréfum.

### Starfsemin 1982.

Árið 1982 var Iðnaðarbankanum hagstætt ár, þegar á heildina er litið. Innlánsaukning bankans var mest allra bankanna og afkoman góð.

Í árslok 1982 námu heildarinnlán bankans 613 765 þús. kr. og höfðu aukizt frá fyrra ári um 246 243 þús. kr., eða 67%. Innlánsaukning allra viðskiptabankanna árið 1982 varð 60,6%. Hlutdeild Iðnaðarbankans er nú 7,0% af heildarinnlánnum viðskiptabankanna.

Heildarútlán bankans í lok ársins, án útlána veðdeildar, námu 504 954 þús. kr. og jukust þau um 204 826 þús. kr., eða 68,2% á árinu. Séu lán, sem endurseld voru Seðlabankanum, undanskilin, var aukningin 64,0%.

Skipting lána milli atvinnuvega og einstaklinga var hlutfallslega svipuð og í fyrra. Hluttur iðnaðar og byggingaverktaka er nú 51,3%.

### Veðdeild.

Í árslok 1982 námu heildarútlán veðdeildar 127 438 þús. kr. og er það 125,3% aukning frá fyrra ári. Verðtryggð útlán veðdeildar eru færð upp miðað við vísitölu í árslok.

Lántökur veðdeildar hjá lífeyrissjóðum voru 49 979 þús. kr. á árinu, samanborið við 30 965 þús. kr. árið áður. Aukningin er 61,4% eða sem nemur verðlagsbreytingum milli ára.

### Afkoma.

Heildartekjur bankans árið 1982 námu 301 481 þús. kr. og er það 103,1% aukning frá fyrra ári. Heildargjöld bankans voru 294 642 þús. kr. og er það 107,1% aukning frá árinu áður.

Rekstrarkostnaður bankans nam 47 124 þús. kr. og er það 75,7% aukning frá fyrra ári. Launakostnaður nam 28 312 þús. kr. og er það 62% aukning frá fyrra ári.

Meðalfjöldi starfsfólks við bankastörf var 129 árið 1982, samanborið við 127 árið áður.

Tekjuafgangur til ráðstöfunar árið 1982 var 6 838 þús. kr. en 6 203 þús. kr. árið áður.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi 31.12.1982:*	kr.
Rekstrartekjur .....	301 480 738
Rekstrargjöld .....	(294 642 344)
Nt. fjármagnstekjur (gjöld) .....	0
Hagnaður (tap) .....	6 838 394
Eignir .....	942 358 714
Skuldir .....	876 678 035
Eigið fé .....	65 680 679

\*Með veðdeild Iðnaðarbanka Íslands.

Bankaráðsmenn, sem iðnaðarráðherra skipar til aðalfundar 1984, eru Kjartan Ólafsson, ritstjóri, og Sigurður Magnússon, rafvélavirki. Kosnir á aðalfundi: Davíð Scheving Thorsteinsson, framkvæmdastjóri, formaður; Gunnar Guðmundsson, rafverktaki, Sveinn Valfells, verkfræðingur.

Bankastjórar eru Bragi Hannesson og Valur Valsson.

Aðstoðarbankastjóri er Ragnar Öundurson.

Áformað er að selja hlutabréf ríkisstjóðs í Iðnaðarbanka Íslands h.f., hafa aðilar innan Landssambands iðnaðarmanna og Félags íslenzkra iðnrekenda lýst yfir áhuga á að kaupa hluta af hlutabréfaeign ríkisins í bankanum.

## Íslenzka járnblendifélagið h.f. Grundartanga, Skilmannahreppi.

Félagið er hlutafélag, er starfar skv. lögum nr. 10 frá 26. apríl 1975. Iðnaðarráðherra fer með mál, er varða eignaraðild ríkisins í félaginu. Fulltrúar í stjórn félagsins eru kosnir eða skipaðir á aðalfundi. Fyrirtækið sjálf nýtur ekki skattfríðinda, en greiðir hins vegar 0,5% landsútsvar í stað aðstöðugjalds.

Íslenzka ríkið á 55% hlutafjárins, en norska fyrirtækið Elkem 45%. Félagið var stofnað árið 1976 og rekur Járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði. Í verksmiðjunni að Grundartanga er framleitt 75% kísiljárn, sem er blendi af málmunum kísil (Si) og járn (Fe) að kísilinnihaldi nálægt 75%, en afgangurinn er að mestu leyti járn. Þetta blendi er eitt af undirstöðuhræfnunum stáliðnaðarins, ýmist notað til hreinsunar stálsins eða sem blendiefni, til þess að fá fram ákveðna eiginleika. Auk þess er járnblendi notað í litlum mæli í efnaiðnaði.

### Starfsemi.

Verksmiðjan hóf framleiðslu vorið 1980.

Félagið lenti í verulegum fjárhagserfiðleikum á árinu 1980 vegna sölutregðu og lækkunar á verði kísiljárns. Rekstrarhalli varð 22,5 mkr. á árinu 1980, 64,4 mkr. á árinu 1981 (afskriftir meðtaldar bæði árin) og á árinu 1982 178,5 mkr.

Árið 1982 var á margan veg erfitt fyrir Íslenzka járnblendifélagið h.f. Var það fyrst og fremst vegna hins alvarlega samdráttarástands, sem ríkti allt árið í stál- og járnblendiiðnaði nánast um allan heim. Af þeim sökum varð framleiðsla og sala á kísiljárninu mun minni að magni en framleiðslugeta verksmiðjunnar á Grundartanga er. Söluverð hélzt mun lægra en nam framleiðslukostnaði. Nýting framleiðslugetunnar var þó sízt lakari en gerðist hjá öðrum verksmiðjum á útflutningsmarkaði, og framleiðslumagnið stóðst áætlun. Auk þess varð reksturinn fyrir áhrifum af þeim orkuskorti, sem um var að ræða hjá Landsvirkjun á miðjum vetri 1981—82, og stóð annar ofn verksmiðjunnar þar af leiðandi ónotaður í ársbyrjun. Þetta ástand hélzt þó ekki lengur en út febrúarmánuð, og á síðari hluta ársins var orðin veruleg breyting á stöðunni í orkumálum, þannig að félagið gat fengið alla þá orku frá Landsvirkjun, sem það óskaði.

Einnig varð í fyrsta sinn á liðnu ári erfiðleikatímabil í tæknilegum rekstri verksmiðjunnar, með rafskautabrotum og tilheyrandi truflunum. Þetta olli því, að framleiðni á árinu varð nokkru lakari en venja hefur verið. Engu að síður varð framleiðnin mjög viðunandi borið saman við aðrar verksmiðjur, og þegar leið á árið hafði að verulegu leyti tekizt að ráða bót á þessum tæknilegu vandamálum.

Loks olli þróun á gengi erlendra gjaldmiðla, einkum á gengi norsku krónunnar (NOK) gagnvart bandaríkjadollar (USD) og þýzku marki (DEM), verulegu óhagræði í fjármálum fyrirtækisins. Varð í fyrsta sinn meiriháttar gengistap á skuldum í norskum krónum mælt, og eignavirði félagsins og eiginfjárstaða samkvæmt ársreikningi í þeirri mynt eru mun rýrari en vera mundi við uppgjör í þeim myntum, sem styrkari hafa verið að undanfögnu.

Í marz 1982 skipaði Iðnaðarráðuneytið 3ja manna starfshóp til að athuga fjárhagsvanda félagsins. Meðal leiða, sem starfshópurinn benti á, var að auka hlutfé félagsins. Í nóvember 1982 samþykkti ríkisstjórnin, að tillögu iðnaðarráðherra, að ríkissjóður veitti félaginu hluthafalán sem nam um 55% af 22 millj. Nkr. eða um 27 millj. ísl. kr. Með lögum nr. 45/1982, um breytingu á lögum um Járblendiverksmiðjuna, heimilaði Alþingi ríkissjóði að ábyrgjast slíkt lán til að efla framtíðarrekstur félagsins.

Nú standa yfir viðræður við japanska fyrirtækið Sumitomo um kaup á verulegum hluta af framleiðslu félagsins. Enn fremur standa yfir samningaviðræður milli Elkem og Sumitomo um kaup hins síðarnefnda á 20% af hlutfé Elkem. Markaðs- og afkomuhorfur hafa batnað á árinu 1983 og eru mun hagstæðari en á síðasta ári.

Heildarframleiðsla verksmiðjunnar árið 1982, miðað við 75% kísiljárn, var 41 545 tonn (1981: 33 612 tonn). Útflutningur nam 42 263 tonnum (1981: 32 089 tonn).

Meðalstarfsmannafjöldi 1982 var 162 (miðað við tryggingarskyldar vinnuvikur).

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi 31.12.1982:	Millj. kr.
Rekstrartekjur .....	228,6
Rekstrargjöld .....	(295,5)
Nt. fjármagnstekjur (gjöld) .....	(111,6)
Hagnaður (tap) .....	(178,5)
Eignir .....	1 118,3
Skuldir .....	1 277,5*
Eigið fé .....	(159,2)

\*Par af hluthafalán 276,7 millj. og lán með ábyrgð eigenda 108,8 millj.

Stjórnarmenn ríkisins til aðalfundar 1984 eru: Hjörtur Torfason, hrl., form.; Guðmundur Guðmundsson, framkvæmdastjóri; Páll Bergþórsson, veðurfræðingur; Eggert G. Þorsteinsson, forstjóri. Elkem velur 3 stjórnarmenn. Framkvæmdastjóri er Jón Sigurðsson.

## Kísiliðjan h.f., við Mývatn.

Kísiliðjan h.f. starfar samkvæmt lögum nr. 80/1966.

Áskilið er í lögnum, að íslenska ríkið eigi minnst 51% í félaginu. Alþingi kys fulltrúa ríkisins í stjórn framleiðslufélagsins og varamenn þeirra, þ. e. 3 af 5 stjórnarmönnum. Manville International Corporation tilnefni síðan 2 stjórnarmenn á aðalfundum félagsins.

Vegna sölu kísilafurðanna hefur hinn erlendi samstarfsaðili um verksmiðjuna stofnað sölufélag, Manville h.f., Húsavík, skv. lögum um kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Skv. 18. gr. samþykktu Manville h.f. skipar iðnaðarráðherra fulltrúa í stjórn félagsins.

Kísiliðjan h.f. greiðir 45% tejkuskatt samkvæmt reglum laga nr. 90/1965, sbr. 14. gr. aðalsamnings, þó aldrei minna en \$15 000. Manville h.f. á Húsavík greiðir 45% tekjuskatt.

Kísiliðjan h.f. heldur eftir og greiðir fyrir hönd Manville 45% tekjuskatt af tækniþóknunargjaldi, sem reiknast af söluverði kísilgúrs við skipshlið á Húsavík.

### Starfsemi.

Kísiliðjan hóf starfsemi árið 1968. Verksmiðjan varð fyrir miklum áföllum, þegar hráefnisbræur hennar eyðilögðust árið 1977 vegna eldsumbrota í nágrenninu. Engar tryggingarbætur fengust vegna þessa tjóns. Á árinu 1978 var byggð ný og fullkomin hráefnisbró í stað þeirra þriggja sem eyðilögðust. Heildarkostnaður við nýju þróna var um \$1 300 000, þar af var um \$1 000 000 fjármagnað með lánsfé.

Á árunum 1979—1981 fór staða fyrirtækisins versnandi, en hafði verið nokkuð góð árin þar á undan. Ástæður þessa voru einkum:

Á árinu 1979 gat fyrirtækið ekki framleitt með fullum afköstum vegna gufuskorts. Úr því var bætt árið 1980 með borun tveggja nýrra hola í Bjarnarflagi. Á árinu 1980 gætti samdráttar í sölu vegna almenns efnahagssamdráttar í Evrópu.

Fjárfestingar vegna mengunarvarna voru miklar. Sett voru upp hreinsitæki fyrir útblástursloft frá gufuburrkurum og ýmsar úrbætur gerðar til að draga úr mengun í andrúmslofti í verksmiðjunni. Teknar voru í notkun nýrri og betri pökkunaraðferðir.

Allar tekjur Kísiliðjunnar h.f. eru í Evrópugjaldmiðlum, en skuldir í Bandaríkjadollurum. Gengisþróun á árinu 1981 hafði því slæm áhrif á stöðu fyrirtækisins.

Gengisþróunin og þung greiðslubyrði vegna lána í sambandi við byggingu hráefnisþróarinnar leiddi til þess að ákveðið var að auka hlutfé í Kísiliðjunni, og var það samþykkt með lögum nr. 53/1982. Ríkisstjórnin ákvað að yfirtaka skuldir Kísiliðjunnar að upphæð \$1 300 000 og Manville yfirtók skuldir að upphæð \$290 000. Einnig var gerður samningur um breytta söluprósentu og tæknipóknunargjald, og aðalsamningur var framlengdur um 10 ár, en hann hefði að óbreyttu runnið út 1986.

Þróun framleiðslu og afkomu hefur verið þannig undanfarin þrjú ár (verðlag hvers árs):

	1980	1981	1982
Framleitt .....	19 300 tonn	20 640 tonn	24 521 tonn
Tap .....	3 mkr.	7 mkr.	8,5 mkr.

### Starfsemi 1982.

Sala til útflutnings 1982 nam 25 396 tonnum og er það mesta magn, sem flutt hefur verið út á einu ári. Sala innanlands nam 24,5 tonnum. Söluhorfur á kísilgúr eru góðar og útlit er fyrir batnandi afkomu verksmiðjunnar á þessu ári. Ársafköst verksmiðjunnar eru rúmlega 24 000 tonn. Aðstæður í fyrirtækinu til að framleiða á fullum afköstum hafa aldrei verið betri.

Eignarhlutdeild í Kísiliðjunni h.f. skiptist nú þannig:

Ríkissjóður .....	59,8%
Manville .....	39,8%
Aðrir (sveitarfélög) .....	0,4%

Starfsmenn: 75 (vetarmán.) 82 (sumarmán.).

Heildarþjárhæð launa til starfsmanna á árinu nam rúmlega 17 mkr.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi 31.12.1982:

	kr.
Rekstrartekjur .....	91 836 000
Rekstrargjöld .....	(94 351 000)
Nt. fjármagnstekjur (gjöld) .....	(6 020 000)
Hagnaður (tap) (eftir tekjusk.) .....	(8 535 000)
Eignir .....	101 011 040
Skuldir .....	24 836 766
Eigið fé .....	76 174 274

Um rekstrarafkomu fyrirtækisins réðu hér mestu sífelldar hækkanir á ýmsum rekstrarþáttum án þess að tekjur ykjust í sama mæli og mikið gengistap vegna óhagstæðrar þróunar á gengi bandaríkjadollars.

Stjórnarmenn af hálfu íslenska ríkisins frá maí 1983 til næstu fjögurra ára eru Sigurður Rúnar Pétursson, vélavörður, formaður; Lárus Jónsson, alþingismaður; Jón Illugason, bóndi.

Framkvæmdastjóri er Hákon Björnsson.

Fulltrúi iðnaðarráðherra í Manville h.f. til aðalfundar 1984 er Porvaldur Vestmann.

## **Kísilmálmvinnslan h.f., Reyðarfirði.**

Verkefnisstjórn, er skipuð var af Iðnaðarráðuneytinu í febrúar 1981 til að annast hagkvæmniathugun og frumhönnun á byggingu og rekstri 25—30 þús. tonna kísilmálmverksmiðju, skilaði lokaskýrslu til ráðuneytisins í mars 1982. Meginniðurstaða verkefnisstjórnarinnar var sú, að hagkvæmt væri að ráðast í byggingu slíkrar verksmiðju á Reyðarfirði. Lagði hún til að aflað yrði lagaheimildar um stofnun hlutafélags til að annast byggingu og rekstur verksmiðjunnar.

Á grundvelli þessarar skýrslu var lagt fram stjórnarfrumvarp um verksmiðjuna. Í maí 1982 voru samþykkt á Alþingi lög (nr. 70), er heimila ríkisstjórninni að beita sér fyrir stofnun hlutafélags í þessu skyni. Fór stofnun hlutafélagsins, Kísilmálmvinnslunnar h.f., fram á Reyðarfirði í júní 1982. Í ársbyrjun 1983 sendi stjórn hlutafélagsins frá sér skýrslu um athuganir, sem henni var falið að gera samkv. 3. gr. laganna. Var það álit stjórnarinnar, að stefna bæri að gangsetningu verksmiðjunnar á tímabilinu 1986—88 og miða bæri allan undirbúning við að fyrsti ofn hennar yrði gangsettur 1986. Ríkisstjórnin lagði fram í febrúar 1983 þingsályktunartillögu þar sem lagt var til að Alþingi samþykkti skýrslu stjórnar Kísilmálmvinnslunnar. Tillagan hlaut ekki afgreiðslu á þinginu.

Ítarlegar upplýsingar um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði er að finna í lagafrumvarpi, sem lagt var fram á Alþingi veturinn 1981—1982.

Endanleg ákvörðun um byggingu verksmiðjunnar hefur ekki enn verið tekin. Ríkissjóður greiddi 8,2 mkr. í hlutafjárframlag á árinu 1982 og 5,5 mkr. 1983.

Alþingi kys hlutfallskosningu fulltrúa ríkisins í stjórn félagsins til eins árs í senn. Neðangreindir menn hlutu kosningu á fundi sameinaðs Alþingis 7. maí 1982:

Halldór Árnason, tæknifr., formaður, Axel Gíslason, framkvæmdastj., Eggert Steinsen, verkfræðingur, Sigfús Guðlaugsson, rafveitustjóri, varamaður Geirs A. Gunnlaugssonar sem gegnir störfum framkvæmdastjóra, Geir H. Haarde, hagfræðingur, Hörður Þórhallsson, sveitarstjóri, Sveinn Þórarinnsson, verkfræðingur, varaformaður.

Ný stjórn var kosin fyrir Kísilmálmvinnsluna á Alþingi 10. nóvember 1983, til jafnlengdar næsta árs. Kosningu hlutu:

Geir H. Haarde, hagfræðingur, Halldór Árnason, tæknifræðingur, Axel Gíslason, framkvæmdastjóri, Theódór Blöndal, tæknifræðingur, Sighvatur Björgvinsson, fyrrv. alþingismaður, Hörður Þórhallsson, sveitarstjóri, Sveinn Þórarinnsson, verkfræðingur.

Iðnaðarráðherra hefur skipað Geir H. Haarde formann stjórnar.

## **Lagmetisiðjan Siglósíld.**

Í maí 1983 undirrituðu fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra samning við Þormóð ramma h.f. um, að það fyrirtæki tæki að sér rekstur Siglósíldar. Þar sem iðnaðarráðherra hefur samkvæmt lögum farið með mál, er snerta eignaraðild ríkissjóðs að fyrirtækinu, þykir

rétt að skýra nokkuð frá högum þess hér. Þormóður rammi h.f. er að ¾ hlutum í ríkiseign að ¾ hlutum og heyra mál fyrirtækisins undir fjármálaráðherra.

Siglósíld var stofnsett með lögum nr. 46 frá 1972 sem B-hluta ríkisfyrirtæki. Hefur iðnaðarráðherra skv. lögnum skipað 5 menn í stjórn til fjögurra ára í senn. Þessir aðilar hafa tilnefnt menn í stjórnina: Fjármálaráðherra; bæjarstjórn Siglufjarðar; Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og starfsfólk skv. nánari reglum.

#### **Rekstrarerfiðleikar.**

Á árinu 1979 varð Lagmetisiðjan Siglósíld fyrir miklum skakkaföllum vegna seinkunar á sölusamningum, farmannaverkfalls og óseljanlegra birgða, sem leiddu af sér rekstrarstöðvun mánuðum saman. Iðnaðarráðuneytið fól þá 3ja manna starfshópi að kanna fjárhagsstöðu fyrirtækisins, rekstur og framtíðaráætlanir með tilliti til sölusamninga og hugsanlegrar uppbyggingar þess. Niðurstöður starfshópsins voru þær, að ekki væri grundvöllur fyrir áframhaldandi rekstri við óbreyttar aðstæður. Hann taldi hins vegar rétt að kanna sameiningu Lagmetisiðjunnar og fyrirtækisins Þormóðs ramma og endurskipuleggja jafnhliða rekstur og framleiðslu beggja fyrirtækjanna í því augnamiði að auka fjölbreytni og nýtingu í framleiðslu og renna þannig styrkari stöðum undir atvinnulíf í Siglufirði. Tillögur þessar voru ræddar við bæjarstjórn og atvinnuálagnefnd Siglufjarðar í febrúar og marz 1980 án þess að niðurstaða fengist um framtíð fyrirtækisins. Haustið 1980 efndi nýskipuð stjórn verksmiðjunnar til fundar með þingmönnum kjördæmisins. Þar var greint frá óviðráðanlegri fjárhagsstöðu fyrirtækisins, einhæfri framleiðslugetu og ótryggum sölumöguleikum. Þingmennirnir töldu samt, að ekki hefði verið reynt til þrautar að ná fram breytingum á rekstri fyrirtækisins.

Á árunum 1981 og 1982 seig enn á ógæfuhlið í rekstrinum með samdrætti í sölu og lækkandi verði í dollurum, en verðþróun innanlands hefur einnig verið fyrirtækinu mjög óhagstæð á tímabilinu. Slitinn og úreltur vélakostur hefur átt sinn þátt í bágborinni afkomu.

Stjórn fyrirtækisins hefur bent á ýmsa erfiðleika í rekstri ríkisfyrirtækja á borð við Siglósíld: Þau eigi m. a. ógreiðan aðgang að lánastofnunum. Veik framkvæmdastjórn hefur síðan leitt til þess, að fyrirtækinu hefur verið stjórnað með björgunaraðgerðum af hálfu eigenda fremur en með skipulegum áætlunum og ábyrgð og hlutverk stjórnar ekki verið sem skyldi.

Í samráði við stjórn Lagmetisiðjunnar Siglósíldar skipaði Iðnaðarráðuneytið í september 1982 nefnd til að fara yfir stöðu fyrirtækisins og gera tillögur til ráðuneytisins um endurskipulagningu á rekstrinum.

Í því skyni var nefndinni falið að kanna m. a. eignaraðild heimamanna, Framkvæmdastjóðs og ríkisins, að endurskipuleggja fyrirtæki í lagmetisiðnaði; gera tillögur um uppgjör skulda að lokinni endurskoðun; setja fram rekstraráætlun nýs fyrirtækis, ef til endurskipulagningar kæmi, og gera tillögur um breytingar á lögum nr. 46/1972, um Lagmetisiðjuna Siglósíld.

Nefndin skilaði álit þann 26. apríl 1983, og voru niðurstöður hennar í megindráttum þær, að fyrirtæki, sem framleiddi um 30 þús. ks. af gaffalbitum og 23 þús. ks. af niðursoðinni rækju, ætti að geta skilað hagnaði, ef það þyrfti ekki að standa undir fjármagnskostnaði vegna uppsafnaðra skulda og nauðsynlegrar endurbætur yrðu gerðar á húsnæði og vélum.

Á grundvelli niðurstaðna nefndarinnar gerðu stjórnir fyrirtækjanna Þormóðs ramma og Siglósíldar með sér samkomulag þann 16. maí 1983 um yfirtöku Þormóðs ramma á rekstri Lagmetisiðjunnar Siglósíldar, og var það samkomulag staðfest af Iðnaðarráðuneytinu og Fjármálaráðuneytinu.

Fjármálaráðuneytið veitti Lagmetisiðjunni Siglósíld aukafjárveitingu að upphæð 4,5 mkr. til að koma fyrirtækinu í rekstrarhæft ástand. Auk þess voru teknar 10 mkr. að láni hjá

Endurlánnum ríkisins til greiðslu m. a. á vanskilaskuldum við ríkisféhirði, að upphæð 6 551 þús. kr., og við ríkisábyrgðasjóð og Endurlán ríkisins, að upphæð 772 þús. kr.

Á fjárlögum 1983 fékk Siglósíld 2,5 mkr. fjárveitingu auk lántökuheimildar að upphæð 4 mkr.

Þormóður rammi h.f. hefur séð um rekstur Lagmetisiðjunnar frá 1. júní s. l. Jafnframt hafa nokkrar endurbætur verið gerðar á húsnæði og vélum, en formleg yfirtaka hefur enn ekki farið fram. — Hafnar eru viðræður á vegum Iðnaðarráðuneytisins við þá aðila, er sýnt hafa áhuga á að kaupa Siglósíld. Þegar niðurstöður þeirra viðræðna liggja fyrir, verður tekin ákvörðun hvort leitað verði heimildar Alþingis um sölu á fyrirtækinu.

Staða skv. rekstrarreikningi og efnahagsreikningi 31.12.82:

	kr.
Rekstrartekjur .....	14 057 903
Rekstrargjöld .....	(14 841 117)
Nt. fjármagnstekjur (gjöld) .....	(3 688 994)
Hagnaður (tap) .....	(4 472 208)
Eignir .....	11 933 167
Skuldir .....	21 299 060
Eigið fé .....	(9 365 893)

## Landssmiðjan.

Landssmiðjan starfar eftir lögum nr. 102 frá 1936.

Hjá fyrirtækinu vinna um 90 manns. Þar af taka 17 laun samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna. Starfsemin er einkum almenn viðgerðarþjónusta, sérhæfð þjónusta við skipaflotann, nýsmíði á tækjabúnaði fyrir sjávarútveg og landbúnað, innflutningur á vélum og búnaði og þjónusta í tengslum við þá starfsemi. Fyrirtækið hefur verið rekið með hagnaði á síðustu árum. Um þriðjungur heildartekna er af innflutningi.

Veruleg uppbygging á fyrirtækinu var ákveðin í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar (1980—83). Vinnuhópur á vegum Iðnaðarráðuneytisins gerði úttekt á húsnæði og starfsaðstöðu fyrirtækisins á árunum 1978—79. Tillögur hans voru í aðalatriðum þessar:

„1) Landssmiðjan flytji starfsemi sína af miðborgarsvæðinu á fyrirhugað athafnasvæði fyrir iðnfyrirtæki í Kleppsvík við Sundahöfn. 2) Fyrsti byggingaráfangi nýs húsnæðis miðist við 8 450 fermetra. Gert verði ráð fyrir 50% stækkun síðar, m. a. með tilliti til þátttöku Landssmiðjunnar í rekstri skipaverkstöðvar. 3) Ríkissjóður heimili sölu á eða kaupi húsnæði og lóð Landssmiðjunnar og tryggi fyrirtækinu með þeim hætti fjármagn til nýbyggingar í Kleppsvík. 4) Fyrirtækið óski eftir að fá úthlutað 3ja ha lóð austan við Skútuvog í Kleppsvík, og rétt til að byggja þar allt að 12 675 fermetra húsnæði.“

Áform þessi voru kynnt í ríkisstjórn í febrúar 1980. Með samþykki ráðuneytisins sótti Landssmiðjan um og fékk úthlutað lóð hjá Reykjavíkurborg í maí 1980 á iðnaðarsvæði við Kleppsvík þar sem ákveðin hafði verið aðstaða fyrir skipaviðgerðarstöð.

Iðnaðarráðuneytið skipaði í júlí 1981 bygginganefnd til að hafa umsjón með framkvæmdum við verkstæðisbygginguna. Á lánsfjáráætlun 1981 var fyrst veitt heimild til lántöku vegna undirbúnings við framkvæmdirnar. Síðan hefur fyrirtækið árlega fengið heimildir til lántöku á lánsfjárlögum.

Eins og sést af upphaflegum tillögum miðuðust byggingaráform Landssmiðjunnar mjög við aukningu verkefna fyrirtækisins í skipaviðgerðum í tengslum við fyrirhugaða skipaverkstöð. Samkvæmt teikningum var miðað við að byggja 6 600 fermetra verkstæðishús (um

46 900 rúmmetra). Kostnaður var áætlaður um 65 mkr. miðað við VBK 1 600. Horfið hefur verið frá því að byggja svo stórt verkstæðishús svo sem síðar verður vikið að.

Framkvæmdir við bygginguna hófust í ársbyrjun 1982. Um mitt það ár var að mestu lokið jarðvinnu, og þá höfðu einnig verið steiptir sökkjar og helmingur gólfplötu. Ekki gekk jafngreiðlega og áætlað hafði verið að koma húseignunum við Sölvhólgötu í verð, þannig að þær nýttust Landssmiðjunni sem eigið fjárframlag til byggingarinnar. Framkvæmdir stöðvuðust því vegna fjárskorts á miðju ári 1982 og hafa legið niðri síðan. Í hönd fóru langvinnar viðræður við Fjármálaráðuneyti um ráðstöfun eignanna og hvernig standa bæri að mati þeirra.

Í maí 1983 lá fyrir mat á fasteignum Landssmiðjunnar og var þá gengið frá yfirlýsingu milli Fjármálaráðuneytisins, Iðnaðarráðuneytisins og Landssmiðjunnar þess efnis, að ríkissjóður yfirtæki fasteignir fyrirtækisins gegn umframfjárveitingu að upphæð 16 mkr. Skyldi fjárhæð þessi greiðast Landssmiðjunni í áföngum á tveim árum. Yfirlýsingu þessari hefur verið þinglýst, en ekki hefur verið staðið við greiðslur til Landssmiðjunnar skv. henni af hálfu Fjármálaráðuneytisins.

Í maí 1983 ákvað bygginganefnd að höfðu samráði við Iðnaðarráðuneytið að endurskoða fyrri byggingaráform. Til þess lágu margar ástæður: Á þeim tíma, sem framkvæmdir lágu niðri, hafði verðbólga vaxið hröðum skrefum og allar fjárhagsáætlanir vegna byggingarframkvæmdanna skekkst mjög. Það var einnig skoðun forráðamanna Landssmiðjunnar, eftir að fyrir lá mat og greiðsluskilmálar vegna húseignanna við Sölvhólgötu, að það yrði fyrirtækinu um megn að risa undir vöxtum og afborgunum af lánum miðað við upphafleg byggingaráform.

Kostnaður við undirbúning og framkvæmdir við verkstæðisbygginguna nemur um 25 mkr. framreiknað til verðlags í ágúst 1983. Hér er eingöngu um að ræða lánsfé. Áætlað er, að vextir og afborganir af þessum lánum verði um 2,8 mkr. á árinu 1983.

Endurskoðaðar tillögur um bygginguna lágu fyrir í byrjun ágúst s.l. Í þeim er gert ráð fyrir að byggja mun minna og ódýrara verkstæðishús en skv. fyrri teikningum og taka mið af lágmarks húsnæðisþörf miðað við að starfsemin yrði flutt að Skútuvogi 7 og fyrirtækið rekið þar með svipuðu umfangi og verið hefur. Tillögurnar miðast við 2 100 fermetra byggingaráfanga (um 13 500 rúmmetra). Kostnaður er á núv. verðlagi áætlaður um 37 mkr. miðað við eins árs framkvæmdatíma og lúkningu á síðari hluta árs 1984.

Áætlun um fjármögnun byggingarinnar er þannig:	mkr.
Sala húseigna Landssmiðjunnar við Sölvhólgötu . . . . .	16,0
Framlag ríkissjóðs 1983 (greitt) . . . . .	3,0
Lán hjá fjárfestingarlánasjóðum . . . . .	9,0
Framlag úr ríkissjóði 1984 (fjárvöntun) . . . . .	9,0
Samtals	37,0

Framangreind áætlun fylgdi fjárlagatillögum Landssmiðjunnar fyrir árið 1984.

Við myndun núverandi ríkisstjórnar var ákveðið að draga stórlega úr fjárfestingaráformum stofnana og fyrirtækja ríkisins. Hin endurskoðaða áætlun um verkstæðisbyggingu Landssmiðjunnar fellur vel að þessu markmiði. Hefur Iðnaðarráðuneytið tjáð forráðamönnum Landssmiðjunnar, að það sé fylgjandi því, að unnið verði að endurnýjun á húsakosti fyrirtækisins á grundvelli þessarar endurskoðuðu áætlunar.

Landsmiðjan hefur á síðustu tveim árum unnið að því að þróa nýja aðferð við þurrkun á fiskimjöli. Hér er um að ræða smíði verksmiðju, sem á, ef vel tekst til, að geta sparað mikla orku miðað við hefðbundnar þurrkunar aðferðir. Sótt hefur verið um einkaleyfi á aðferðinni hér á landi og í Danmörku. Við þetta áhugaverða verkefni hefur Landsmiðjan notið tæknilegrar aðstoðar ýmissa aðila, s. s. Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, og fjárhagslegs stuðnings frá Iðnþróunarsjóði og Iðnrekstrarsjóði.

Rekstur 1982 og efnahagur í árslok:	kr.
Rekstrartekjur .....	31 476 489
Rekstrargjöld .....	(31 138 183)
Nt. fjármagnstekjur (gjöld) .....	(118 199)
Hagnaður (tap) .....	220 107
Eignir .....	47 455 525
Skuldir .....	24 820 788
Eigð fé .....	22 634 637

Forstjóri Landsmiðjunnar er Sigurður Daníelsson.

## Landsvirkjun.

Landsvirkjun var stofnuð 1. júlí 1965 samkvæmt lögum nr. 59 frá 20. maí 1965. Í lögnum var ákvæði, sem heimilaði eigendum Laxárvirkjunar að ákveða, að Laxárvirkjun sameinaðist Landsvirkjun. Með hliðsjón af þessu ákvað stjórn Laxárvirkjunar að leita eftir heimild eigenda sinna til að athuga möguleikann á sameiningu Laxárvirkjunar við Landsvirkjun. Í framhaldi af því hófust viðræður milli eigenda beggja fyrirtækjanna hér að lútandi og lyktaði þeim með nýjum sameignarsamningi um Landsvirkjun, sem undirritaður var hinn 27. febrúar 1981, og tók hann gildi hinn 1. júlí 1983.

Alþingi samþykkti ný lög um Landsvirkjun, nr. 42 frá 23. mars 1983. Í hinum nýju lögum eru ýmis nýmæli í samræmi við sameignarsamninginn og til staðfestingar þeirri þróun, sem orðið hefur hjá Landsvirkjun frá því fyrirtækið var sett á stofn árið 1965.

Í 1. grein laganna segir, að frá og með 1. júlí 1983 eigi ríkissjóður 50% í Landsvirkjun, Reykjavíkurborg 44,525% og Akureyrarbær 5,475%, en eins og kunnugt er áttu ríkissjóður og Reykjavíkurborg áður sinn helminginn hvor.

### Yfirlit 1982.

Orkuframleiðsla Landsvirkjunar jókst frá fyrra ári um 11,3% á árinu og varð 3 033 GWst eða 85% af allri raforkuframleiðslu landsmanna 1982. Salan til almenningsveitna jókst um 10,7% og salan til stóriðju um 11,8%. Hefði hins vegar ekki komið til verulegrar orkuskerðingar árið 1981 og minni háttar skerðingar í ársbyrjun 1982 hefði almenningsnotkun aukist um 7,3%, en stóriðjunotkunin minnkað um 4,1% sem ber vott um þá erfiðleika er ÍSAL og Járblendiverksmiðjan hafa átt í vegna slæmra markaðsaðstæðna.

Vetrarreynslí í ám á vatnasvæði Landsvirkjunar var svipað og undanfarin þrjú ár og verulega undir meðaltali síðari áratuga. Fremur var kalt í vedri. Meðalhiti í Reykjavík var þannig hálfri gráðu undir meðallagi árána 1971—1980. Hlýindakafli með úrkomu um miðjan febrúar bætti verulega úr skák, en þó fyrst og fremst það, að vél nr. 2 í Hrauneyjafossvirkjun komst í gagnið í síðari hluta janúar.

Lokið var við Hrauneyjafossvirkjun á árinu, ef undan er skilinn minni háttar frágangur. Uppsett afl í vatnsaflsstöðvum Landsvirkjunar er þá orðið 659 MW og árleg framleiðslugeta á forgangorku rúmlega 3 500 GWst í rýru vatnsári. Þar með hefur virkjað vatnsafl fyrirtækisins 7,4-faldast og orkuvinnslugeta 7-faldast á undanförunum 17 árum. Uppsett afl dísilstöðva er 54 MW. Framleiðsla þeirra 1982 var aðeins 0,2 GWst.

Á árinu var einnig lokið við Hrauneyjafosslínu og að mestu við 5 m dýpkun Vatnsfellsskurðar, en sú framkvæmd er liður í stækkun Þórisvatnsmiðlunar í tengslum við Kvíslaveitu, en unnið var áfram við hana og bygging Sultartangastíflu hafin. Margs konar rannsóknnum og áætlunum var haldið áfram, svo sem um stækkun Búrfellsvirkjunar, Sultartangavirkjun, Kvíslaveitu, Sprengisandslínu o. fl. Frumathugun var gerð á virkjun fallsins milli Þórisvatns og Sigöldulóns um skurð Vatnsfellsveitu.

Á árinu hækkadi verð Landsvirkjunar á raforku til almenningsveitna mikið, og var það að meðaltali 34,6 aurar á kílóvattstund, eða 72% herra en árið áður. Þetta nægði þó ekki til þess að ná endum saman, og rekstrarreikningur sýnir 152 milljóna kr. rekstrarhalla, sem er 28% af vergum tekjum. Fyrir slíku áfalli hefur Landsvirkjun ekki orðið áður, og er orsökkin auk verðbólgunnar aðallega sú, að fyrirtækið hafði ekki bolmagn til þess að mæta þunganum af hinni nýju Hrauneyjafossvirkjun. Það á aftur rót sína að rekja til þess, að vegna verðlagshafta á undanförunum árum hefur Landsvirkjun ekki haft neinn greiðsluafgang til að leggja í nýjar framkvæmdir og orðið að fjármagna Hrauneyjafossvirkjun svo til eingöngu með erlendum lánum. Til að sýna áhrif þessarar verðlagningarstefnu á fjárhag Landsvirkjunar í dag má sem dæmi nefna, að ef Landsvirkjun hefði fengið að hækka gjaldskrá sína í hlutfalli við hækkun byggingarvísitölu á hverjum tíma væru erlendar skuldir hennar í dag um 100 milljón dollurum minni en efnahagsreikningur sýnir, en það eru um 60% af stofnkostnaði Hrauneyjafossvirkjunar. Ef slíkri stefnu hefði verið fylgt gæti bæði fjárhagur Landsvirkjunar verið betri en hann er í dag og verðlag til notenda lægra.

Á síðari árum hefur það komið æ betur í ljós, að eignir Landsvirkjunar hafa verið of lágt metnar. Var því ákveðið að endurmeta þær eftir nýjum og nákvæmari reglum. Meginbreytingin er fólgin í því, að eignir eru nú endurmetnar á byggingartíma og tillit er tekið til erlendar verðbólgu, en hvorugt var gert í hinu eldra mati. Þetta leiddi til 40% hækkunar að meðaltali á matsverði eignanna, miðað við eldri matsreglur, og eins og efnahagsreikningur sýnir telst nú eigið fé Landsvirkjunar 39% af heildarfjármagni í stað 21% árið 1981.

Endurnýjunarverð eigna í rekstri samkvæmt hinu nýja mati greinist í aðalatriðum þannig í árslok 1982:

	mkr.	%
Aflstöðvar .....	9 250	80,7
Línur og spennistöðvar .....	2 024	17,7
Ýmsar eignir .....	179	1,6
	<hr/>	<hr/>
	11 453	100,0
Afskrifað .....	2 343	
	<hr/>	
Fastafjármunir í rekstri .....	9 110	

Með stöð í lögum, nr. 60 frá 4. júní 1981, var í ágústmánuði undirritaður samningur milli ríkisstjórnarinnar og Landsvirkjunar um, að Landsvirkjun yfirtæki frá 1. október 1982 réttinn til að reisa og reka Blönduvirkjun, Villinganesvirkjun og Fljótsdalsvirkjun. Samningurinn nær einnig til yfirtöku Landsvirkjunar á byggðalínunum öllum frá 1. janúar 1983, og gerir hann ráð fyrir, að sama heildsölugjaldskrá skuli gilda um afhendingu rafmagns til almenningsrafveitna frá öllum sölustöðum Landsvirkjunar.

Í tilefni af þessum samningum um samruna Laxárvirkjunar og Landsvirkjunar skipuðu eignaraðilar, ríkið, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær, nefnd til þess að endurskoða lögina um Landsvirkjun. Skilaði hún álit í janúar 1983.

#### Samningur um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o. fl.

Með lögum um raforkuver, nr. 60 frá 4. júní 1981, var ríkisstjórninni eins og áður segir heimilað að semja við Landsvirkjun um að reisa og reka eftirtaldar virkjanir:

- Virkjun Blöndu í Blöndudal (Blönduvirkjun) með allt að 180 MW afli.
- Virkjun Jökulsár í Fljótsdal (Fljótsdalsvirkjun) með allt að 330 MW afli.
- Virkjun Héraðsvatna við Villinganes (Villinganesvirkjun) með allt að 40 MW afli.

Með vísun til laganna um raforkuver samþykkti Alþingi sérstaka þingsályktun, hinn 6. maí 1982, þar sem því er slegið föstu, að Blönduvirkjun verði næsta meiri háttar vatnsaflsvirkjun landsmanna. Ennfremur gerir þingsályktunin ráð fyrir því, að miðlunin við Blönduvirkjun verði ekki umfram 220 GJ fyrr en nauðsyn ber til vegna raforkukerfisins.

Með stoð í sömu lögum var hinn 11. ágúst 1982 undirritaður samningur milli ríkisstjórnarinnar og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o. fl. Samkvæmt samningi þessum tekur Landsvirkjun að sér frá og með 1. október 1982 að reisa ofangreindar virkjanir og reka sem sína eign. Jafnframt er í samningnum gert ráð fyrir því, að Landsvirkjun yfirtaki hinn 1. janúar 1983, til eignar og reksturs, eftirtaldar 132 kV raflínur í eigu ríkisins, auk hlutdeildar í aðveitustöðvum:

- Lína Brennimerur — Vatnshamrar — Hrutatunga — Laxárvatn — Varmahlíð — Rangárvellir (Norðurlína).
- Lína Rangárvellir — Kröfluvirkjun (Kröflulína).
- Lína Krafla — Hryggstekkur (Austurlína).
- Lína Hryggstekkur — Djúpvogur — Hólar (Suðausturlína).
- Lína Hrutatunga — Glerárskógar — Geiradalur — Mjólka (Vesturlína).

Samkvæmt samningnum fjölgar afhendingarstöðum rafmagns frá Landsvirkjun til almenningsrafveitna frá og með 1. janúar 1983. Auk þess er þar kveðið svo á, að frá sama tíma skuli gilda sama gjaldskrá á öllum slíkum afhendingarstöðvum.

Í samningnum er ákvæði um, að Landsvirkjun yfirtaki 132 kV línu frá Hólum um Prestbakka að Sigöldu (Suðurlínu), sem verið er að byggja, auk nokkurra aðveitustöðva sem ýmist eru í byggingu eða undirbúningi.

Hér á eftir fara töflur, er sýna orkuöflun og sölu ásamt upplýsingum um skerðingu á orkusölu vegna vatnsskorts fyrir árin 1982 og 1981 og verðlagningu eftir tímabilum árið 1982.

#### Orkuöflun.

	1982		1981	
	GWst.	MW	GWst.	MW
Rafmagnsvinnsla .....	3 032,8		2 724,1	
Vatnsorka .....	3 032,6	467	2 715,5	445
Varmaorka .....	0,2		8,6	
Orkukaup frá Hitaveitu Suðurnesja ..	40,0	6	31,9	4
Heildarorkuöflun .....	3 072,8	473	2 756,0	449

## Orkusala.

	1982			1981			
	Forg. GWst.	Afg. GWst.	Alls MW	Forg. GWst.	Afg. GWst.	Alls MW	
Almenningsveitur .....	1 104,9		1 104,9	981,8		981,8	
Rafmagnsveita Reykjavíkur .....	455,5		455,5	90,6	426,4	426,4	89,0
Rafmagnsveitur ríkisins .....	603,7		603,7	158,9	510,4	510,4	138,9
Rafveita Hafnarfjarðar .....	45,7		45,7	8,5	45,0	45,0	8,5
Stóriðja .....	1 667,8	168,3	1 836,1	1 499,6	143,2	1 642,8	
Áburðarverksmiðja ríkisins .....	119,0	—	119,0	20,4	107,3	107,3	21,8
ÍSAL .....	1 300,6	14,8	1 315,4	170,0	1 199,8	1 214,5	162,0
Íslenska járnblendifélagið .....	248,2	153,5	401,7	71,0	192,5	128,5	68,2
Heildarorkusala .....	2 772,7	168,3	2 941,0	2 481,4	143,2	2 624,6	

## Starfsmannahald.

Fjöldi starfsmanna í föstum störfum.

	1982	1981
Yfirstjórn og verkfræðideildir ...	64	62
Kerfisstjórn, spennistöðvar og háspennulínur .....	33	32
Aflstöðvar .....	70	72
	167	166
Fjöldi lausráðinna starfsmanna.		
	1982	1981
Mestur .....	251	208
Minnstur .....	74	49

## Stjórn.

Stjórn Landsvirkjunar var kosin af Alþingi og borgarstjórn Reykjavíkur 1977 og er kjörtími hennar 6 ár. Stjórnin var hinn 31. desember 1982 skipuð sem hér segir:

Jóhannes Nordal, formaður, Árni Grétar Finnsson, Baldvin Jónsson, Böðvar Bragason, kosnir af Alþingi. Birgir Ísl. Gunnarsson, Guðmundur Vigfússon, Ólafur B. Thors, kosnir af borgarstjórn.

Í sameignarsamningi ríkisstjórnarinnar, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun, frá 27. febrúar 1981, er gert ráð fyrir sameiningu Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar frá 1. júlí 1983. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði samningsins hefur Valur Arnþórsson setið stjórnarfundum sem fulltrúi Laxárvirkjunar.

Stjórn Landsvirkjunar ræður framkvæmdastjóra og aðstoðarframkvæmdastjóra fyrirtækisins auk yfirverkfræðings, rekstrarstjóra, byggingarstjóra og skrifstofustjóra. Á árinu 1982 gegndu eftirtaldir menn þessum störfum:

Eiríkur Briem, framkvæmdastjóri. Halldór Jónatansson, aðstoðarframkvæmdastjóri. Jóhann Már Maríusson, yfirverkfræðingur. Ingólfur Ágústsson, rekstrarstjóri. Rögnvaldur Þorláksson, byggingarstjóri. Örn Marinósson, skrifstofustjóri.

Á fundi sameinaðs Alþingis hinn 14. marz 1983 voru þessir kosnir aðalmenn ríkisins til næstu fjögurra ára: Árni Grétar Finnsson, hrl., Böðvar Bragason, sýslumaður, Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrv. alþingismaður, og Baldvin Jónsson, hrl. Aðrir stjórnarmenn eru: Davíð Oddsson, borgarstjóri, Birgir Ísleifur Gunnarsson, alþingismaður, Kristján Benediktsson, borgarfulltrúi og Valur Arnþórsson, kaupfélagsstjóri. Eignaraðilar skipuðu Jóhannes Nordal formann stjórnar.

Framkvæmdastjóri Landsvirkjunar, Eiríkur Briem, sagði starfi sínu lausu frá 1. maí 1983. Forstjóri nú er Halldór Jónatansson, aðstoðarforstjóri er Jóhann Már Maríusson.

## Fjármál.

Rekstrartekjur Landsvirkjunar jukust á árinu 1982 um 94,4% frá 1981. Tekjur frá almenningrafveitum hækkuðu um 93,6%, sem stafar af 10,7% söluaukningu auk verðhækkana á árinu. Tekjur af sölu til stóriðju hækkuðu um 96,5%. Orkuverð til ÍSAL og Áburðarverksmiðjunnar var óbreytt allt árið í Bandaríkjadollurum, en hækkaði verulega í krónum talið vegna gengisbreytinga. Auk hækkunar tekna frá Járblendifélaginu vegna gengisbreytinga hækkaði raforkuverð 1. júlí 1982 samkvæmt gildandi rafmagnssamningi úr 3,5 norskum aorum á kWst. í 5,4 norska auru.

Rekstrarafkoma Landsvirkjunar á árinu 1982 var óhagstæð um 152,1 milljónir króna. Aðalástæða fyrir þessum rekstrarhalla er að Hrauneyjafossvirkjun var tekin í rekstur á árinu, sem þýðir aukningu rekstrar- og fjármagnskostnaðar án tilsvareandi tekjuaukningar, þar sem framleiðslugeta virkjunarinnar var ekki nýtt nema að hluta.

Prátt fyrir þennan rekstrarhalla batnaði eiginjárstaða verulega á árinu eða úr 684,2 í 3 779,0 milljónir kr. Aðalástæða þessarar breytingar er að upp voru teknar raunhæfari endurmatsreglur eigna en áður var beitt. Nánari grein er gerð fyrir þessum endurmatsreglum í skýringum í ársreikningi 1982. Rétt er þó að taka fram að hluti þessarar hækkunar eiginjár er vegna fyrri ára, þannig að eigið fé í ársbyrjun var vanmetið.

Langtímalán Landsvirkjunar jukust á árinu um 3 392,8 milljónir kr. og námu alls 5 828,7 milljónum kr. í árslok. Hækkun eldri lána vegna gengisbreytinga nam 2 598,4 milljónum kr. Nýjar lántökur námu 903,2 milljónum kr., þar af voru 641,2 milljónir króna vegna framkvæmda, aðallega við Hrauneyjafossvirkjun og Sultartangastíflu, en 262,0 milljónir króna vegna yfirtöku skulda vegna Blöndu-, Fljótsdals- og Villinganesvirkjunar. Afborganir lána námu 108,8 milljónum króna.

Að öðru leyti vísast til ársreikningsins 1982.

Staða skv. rekstrarreikningi og efnahagsreikningi 31.12.1982.	kr.
Rekstrartekjur .....	539 199 175
Rekstrargjöld .....	(345 122 860)
Nt. fjármagnstekjur (gjöld) .....	(346 170 275)
Hagnaður (tap) .....	(152 093 960)
Eignir .....	9 951 194 218
Skuldir .....	6 172 178 829
Eigið fé .....	3 779 015 289

## Orkubú Vestfjarða (OV).

Orkubú Vestfjarða starfar á grundvelli laga nr. 66 frá 31. maí 1976, um Orkubú Vestfjarða, og er sameignarfyrtæki ríkisins og allra sveitarfélaga á Vestfjörðum. Hluttur ríkissjóðs er 40% en hluttur sveitarfélaganna er 60% í fyrirtækinu, og skiptist hluttur sveitarfélaganna innbyrðis milli þeirra í hlutfalli við íbúatölu.

Tilgangur Orkubúsins er að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, þar sem hagkvæmt þykir. Skal Orkubú Vestfjarða eiga og reka vatnsorkuver og dísilraforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og orkudreifingar. Fyrirtækið skal eiga og reka jarðvarmavirki og nauðsynlegt flutningskerfi og dreifikerfi fyrir heitt vatn. Skal fyrirtækið einnig eiga og reka fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi.

Fyrirtækið skal annast virkjunarrannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir eftir því, sem ákveðið er hverju sinni.

Stofnfundur Orkubús Vestfjarða var haldinn á Ísafirði 26. ágúst 1977. Sérstakur stofnsamningur var gerður um yfirtöku eigna og skulda, en Orkubúið yfirtók eignir Rafmagnsveitna ríkisins á Vestfjörðum, svo og eignir Rafveitu Ísafjarðar, Rafveitu Patrekshrepps og Rafveitu Snæfjalla.

Vesturlína var tekin í notkun haustið 1980 og tengdi Vestfirði við landskerfið. Línan var eins og aðrar byggðalínur reist og rekin af Rafmagnsveitum ríkisins í umboði Iðnaðarráðuneytisins.

Um síðustu áramót yfirtók Landsvirkjun byggðalínurnar og þar með Vesturlínu. Hófust þá bein viðskipti Orkubús Vestfjarða og Landsvirkjunar í aðveitustöð við Mjólka, og síðan einnig í aðveitustöð á Vesturlínu í Geiradal.

Í framhaldi af yfirtöku Landsvirkjunar á byggðalínunum var undirritaður samningur um raforkusölu milli Orkubús Vestfjarða og Landsvirkjunar þann 30. desember s. l. Samningur þessi er hliðstæður öðrum samningum Landsvirkjunar við rafveitur, sem gerðir voru á sama tíma. Skilmálar samningsins hafa í för með sér þær breytingar helztar, að Orkubú Vestfjarða fær nú afhenta orku samkvæmt almennri gjaldskrá Landsvirkjunar. Orkubúið hefur þar með fengið sama tækifæri og aðrir til að lækka orkukostnað með því að bæta nýtingartíma sinn. Þetta hefur einnig í för með sér, að ekki er greitt sérstakt álag á orkuverð vegna tapa í meginflutningskerfi eins og áður. Töpin eru nú innifalin í orkuverðinu og dreifast á alla notendur í hlutfalli við notkun.

Til þess að komast í beint viðskiptasamband við Landsvirkjun þurfti Orkubú Vestfjarða að yfirtaka eignarhluta Rarik í aðveitustöðvunum í Mjólka og Geiradal og fór sú yfirtaka fram um s. l. áramót, og er nú unnið að ákvörðun kostnaðar og eignarhlutdeildar milli OV og Landsvirkjunar.

Orkubúið hefur reist varmaveitur á Ísafirði, Bolungarvík og Patrekfirði, sem selja varmaorku til húshitunar.

#### Nýjar framkvæmdir 1982.

Á árinu var varið 36,4 mkr. til nýframkvæmda. Var einkum um að ræða endurbætur vegna virkjana, aðveitustöðva, línubýggingar (stærsta verkefnið nú: bygging Tálknafjarðarlínu), og aukningu og endurnýjun innánbæjarkerfa. Tengdar voru 84 nýjar heimtaugar. Þá var unnið að byggingu hitaveitna á Patrekfirði, í Bolungarvík og á Ísafirði.

Nokkuð var um rekstraráfall á s. l. ári, aðallega að línur brotнуðu vegna snjóflóða og ísingar, og mun á þessu ári verða gaumgæfilega athugað hvað til úrbóta er.

#### Orkusala.

Af raforku voru seldar 92 GWh og er aukning í sölu frá fyrra ári 3,3%.

Tekjur Orkubúsins af þessari orkusölu voru 62,2 mkr. og meðalverð á seldri kílówattstund því 67,4 aurar, sem er 79% hækkun frá fyrra ári, og er í þeirri tölu ekki reiknað með söluskatti og verðjöfnunargjaldi.

Raforkusala:	GWh	%
Til heimilisnota .....	10	11
Til búrekstrar .....	10	11
Til stórra véla .....	24	26
Til hitunar .....	44	48
Til annarra nota .....	4	4
Samtals	92	100

Frá hitaveitum voru alls seldar 32 GWh á síðastliðnu ári og er aukning í sölu frá fyrra ári 8,6%. Tekjur Orkubús Vestfjarða af þessari orkusölu voru 16,2 mkr. og meðalverð á seldri kWst því 51,1 eyrir, sem er 84,1% hækkun frá fyrra ári.

Rúmlega 200 manns voru á launaskrá fyrirtækisins á s. l. ári um lengri eða skemmri tíma. Heildarlaunagreiðslur námu rúmlega 19 mkr.

Starfsmenn eru 81, en fleiri á sumrin.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi 31.12.1982:

	kr.
Rekstrartekjur .....	105 866 055
Hlutur OV af verðjöfnunargjaldi .....	4 981 200
Rekstrargjöld .....	(93 123 771)
Nt. fjármagnstekjur (gjöld) .....	(44 031 363)
Hagnaður (tap) .....	(26 307 879)
Eignir .....	570 911 775
Skuldir .....	385 202 462
Eigið fé .....	185 709 313

Stjórnarmenn ríkisins til aðalfundar 1984: skipaður af iðnaðarráðherra Kristinn Jón Jónsson, verkstjóri, og skipaður af fjármálaráðherra Engilbert Ingvarsson, bóndi. Aðrir stjórnarmenn eru Ólafur Kristjánsson, skólastjóri, formaður, Höskuldur Davíðsson, sveitarstjóri, og Kristján Jónsson, framkvstj.

Framkvæmdastjóri OV er Kristján Haraldsson.

## Rafmagnsveitur ríkisins.

Rafmagnsveitur ríkisins starfa á grundvelli IX. kafla orkulaga, nr. 58/1967, og eru eign ríkisins og starfræktar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki.

Skipta má rekstri Rafmagnsveitnanna í þrennt: Orkuöflun, orkuflutning og orkudreifingu. Þetta eru ólíkir starfspættir en eru að sjálfsögðu samtengdir.

Með orkuöflun er átt við orkukaup, rekstur eigin vatnsaflsstöðva og dísilstöðva, en orkukaup eru aðallega af Landsvirkjun en einnig lítills háttar frá Skeiðfossvirkjun og Andakilsárvirkjun.

Með orkuflutningi er átt við flutning eftir stofnlínukerfi frá orkuafhendingarstað til aðveitustöðva þaðan sem dreifing fer fram til notenda eða orkusala til rafveitna sveitarfélaga.

Með orkudreifingu er átt við flutning frá aðveitustöð um innanbæjarkerfi til einstakra notenda, svo og um sveitalínur til sveitabæja og annarra notenda í dreifbýli.

Rafmagnsveitur ríkisins sáu um byggingu og rekstur byggðalína til síðustu áramóta, en þá yfirtók Landsvirkjun þær, eins og vikið var að í umfjöllun um Landsvirkjun í þessari skýrslu. Rafmagnsveiturnar sjá áfram um reksturinn samkvæmt sérstöku samkomulagi við Landsvirkjun.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá einnig um rekstur Kröfluvirkjunar í umboði ríkissjóðs.

En fyrirhugað er að Landsvirkjun yfirtaki Kröfluvirkjun og sjái framvegis um rekstur hennar.

### Starfsemi — Orkuveitusvæði.

Rafmagnsveitur ríkisins dreifa raforku um alla landshluta (að undanskildum Vestfjörðum) á þeim svæðum þar sem rafveitur sveitarfélaga starfa ekki. Ennfremur selja Rafmagnsveiturnar mörgum rafveitum sveitarfélaga raforku í heildsölu. Á orkuveitusvæði

Rafmagnsveitna ríkisins eru tæp 12% af íbúum í þéttbýli, en tæp 90% af íbúum í sveitum. Um 20% landsmanna eru á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins.

Aðalskrifstofa Rafmagnsveitnanna er í Reykjavík, en auk þess eru svæðisskrifstofur á Blönduósi, Akureyri, Egilsstöðum, Hvolsvelli og í Stykkishólmi.

#### Raforkuöflun.

Rafmagnsveiturnar kaupa raforku í heildsölu, aðallega af Landsvirkjun, og framleiða einnig orku í eigin orkuverum. Heildarorkuöflun rafmagnsveitnanna árið 1982 var 907 GWh og skiptist hún þannig:

Eigin orkuvinnsla .....	222 GWh
Aðkeypt orka .....	685 GWh

og er þá framleiðsla Kröfluvirkjunar talin með eigin orkuvinnslu. Aukning orkuöflunar á árinu 1982 miðað við árið 1981 nam 10,6%.

#### Raforkusala.

Rafmagnsveitur ríkisins selja eins og áður sagði raforku til rafveitna sveitarfélaga í heildsölu og beint til notenda annars staðar þar sem rafveitur sveitarfélaga eru ekki starfandi. Heildarraforkusala á árinu 1982 var 775 GWh og jókst hún um tæp 11% frá árinu áður. Í heildsölu voru seldar 431 GWh. Smásala skiptist þannig á notkunarsvið árið 1982:

	GWh	%
Almenn notkun .....	46	11
Markmæling til landbúnaðar <sup>1)</sup> .....	164	38
Vélanotkun .....	75	17
Hitun .....	133	31
Annað .....	13	3
Samtals	431	100

<sup>1)</sup> Lögbýli hafa rétt til að semja um kaup á ákveðnu magni af raforku á hverju ári. Það er því hagur notandans nýta þá raforku sem best.

Auk þess seldu Rafmagnsveiturnar heitt vatn er samsvarar 27 GWh til hitaveitna á Höfn í Hornafirði og Seyðisfirði.

#### Fjárhagsafkoma 1982.

Á árinu 1982 var unnið að nýbyggingu og endurbótum á kerfi Rafmagnsveitna ríkisins að upphæð 391,2 mkr. og voru þær framkvæmdir að mestu fjármagnaðar með lánsfé.

Rekstrarhalli var 41 mkr. á árinu. Rekstrargjöld voru 581 mkr., þar með taldar afskriftir, en tekjur 540 mkr. án stofnfjárframlaga.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi 31.12.1982:	kr.
Rekstrartekjur .....	510 355 087
a) Sala .....	418 498 889
b) Verðjöfnunargj. ....	91 856 198
Rekstrargjöld (nt.) .....	452 782 633
Fjármagnsgjöld (vextir) .....	98 530 000
Tap .....	40 957 546
Eignir .....	2 964 319 865
Skuldir .....	2 548 544 640
Eigið fé .....	415 775 225

Stjórnina skipa: Pálmi Jónsson, Akri, formaður, Gylfi Magnússon, Ólafsvík, Sveinn Ingvarsson, Reykjahlíð, Sigurður Ágústsson, Sauðárkróki, Sveinn Jónsson, Egilsstöðum. Rafmagnsveitustjóri ríkisins er Kristján Jónsson.

Starfsmenn voru 546 í árslok 1982.

Úttekt á starfsemi Rarik hefur staðið yfir í haust.

## Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, Reykjavík.

Prentsmiðjan hefur verið í eigu ríkisins frá árinu 1930 og varð því 50 ára á árinu 1980. Forgangsverkefni fyrirtækisins hafa jafnan verið prentverk fyrir Alþingi; Stjórnarráð og aðrar ríkisstofnanir. Einnig tekur prentsmiðjan að sér almennt prentverk á sama grundvelli og aðrar prentsmiðjur. Rekstur fyrirtækisins hefur verið jákvæður s. l. tvö ár.

Á árunum 1971—1975 var að tilstuðlan ráðuneytisins lagður grundvöllur að gagngerri endurskipulagningu prentsmiðjunnar, húsa- og vélakostur aukinn og hafin aðlögun starfseminnar að nýrri prenttækni með ljóssetningarbúnaði og offsetprentun. Prentsmiðjan hefur síðan stig af stigi aukið vélakost sinn í takt við kröfur tímans og staðið undir þessum fjárfestingum án sérstakrar fyrirgreiðslu af hálfu ríkisins. Nýlega hefur prentsmiðjan fengið tæki, er gerir kleift að tengja saman alla skerma setningarkerfisins, sem verður hraðvirkara og sveigjanlegra.

Allar þessar breytingar hafa gjörbreytt aðstöðu prentsmiðjunnar til að rækja hlutverk sitt með skjótari og öruggari hætti en áður.

Starfsmenn voru 75 árið 1982.

Staða skv. rekstrarreikningi og efnahagsreikningi 31.12.1982:

	kr.
Rekstrartekjur .....	24 806 010
Rekstrargjöld .....	(24 562 212)
Nt. fjármagnstekjur (gjöld) .....	(163 314)
Hagnaður (tap) .....	80 484
Eignir .....	25 669 464
Skuldir .....	4 337 512
Eigð fé .....	21 331 952

Framkvæmdastjóri er Ragnar Þ. Guðmundsson.

## Sementsverksmiðja ríkisins (SR), Akranesi.

Sementsverksmiðja ríkisins tók til starfa 1958, skv. lögum nr. 35/1948, og á því 25 ára afmæli á þessu ári. Verður SR því gerð nokkru ítarlegri skil hér á eftir en ella. Meginmarkmið SR er framleiðsla, sala og dreifing sements. Auk þess tekur verksmiðjan vaxandi þátt í rannsóknar- og vöruþróunarsamstarfi tengdu sements- og byggingariðnaði, m. a. í samstarfi við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnun Íslands.

Fyrirtækið er alfarið í eigu ríkisins. Það lýtur fimm manna þingkjörinni stjórn, sem kosin er til fjögurra ára í senn. Iðnaðarráðherra fer með mál SR, og skipar hann einn úr hópi stjórnarmanna formann. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra. Verksmiðjan greiðir landsútsvar í stað aðstöðugjalds. Verksmiðjan greiðir fasteignaskatta en er að öðru leyti undanþeginn skattgreiðslum.

### **Þróun verksmiðjunnar.**

Í upphafi voru framleiddar tvær sementstegundir í verksmiðjunni, venjulegt Portlandsement og hraðsement. Árið 1959 hófst einnig framleiðsla á sérsementi, sem fékk nafnið Faxasement, ætlað í efnismikla steypuhluti.

Sementsframleiðsla hefur byggzt á tveim hráefnum aðallega: skeljasandi og líparíti. Í ofni verksmiðjunnar hefur blanda af þessum efnum verið brennd við um 1 450°C og fæst þá svo nefnt sementsgjall. Við fínmölnun á gjallinu myndast sement. Á 25 ára starfstímabili hefur SR framleitt árlega til jafnaðar um 100 000 tonn af sementi úr eigin sementsgjalli eða um 2,5 milljónir tonna alls. Þegar verksmiðjan hefur ekki annað eftirspurn hefur gjall verið flutt inn frá Danmörku. Árið 1974 var keypt ný sementskvörn, til þess að ekki þyrfti að flytja inn sement. Jukust þá mölunarafköst úr 120 þús. tonnum í 240 þús. tonn á ári.

Þegar Járblendiverksmiðjan hóf starfsemi á Grundartanga í Hvalfirði 1980 byrjaði SR íblöndun ryks, sem síað er úr útblæstri Járblendiverksmiðjunnar, í allt sement. Ryk þetta er tvisvar sinnum virkara gegn alkalíþenslu en líparít en bætir auk þess fleiri eiginleika steinsteypunnar. Voru fullkomin tæki til íblöndunar ryksins keypt til verksmiðjunnar 1981.

SR hefur fram til þessa notað svartolíu til brennslu á gjallinu. Vegna mikilla olíuverðshækkana á áttunda áratugnum var hafinn undirbúningur að kolabrennslu 1980. Er nú hafin notkun kola í stað olíu (frá júlí 1983). Lækkar eldsneytiskostnaður við brennsluna úr um það bil 95 mkr. í 42—44 mkr. á ári við að breyta úr svartolíu í kol. Á móti kemur að verksmiðjan þarf að greiða á milli 20 og 25 mkr. af framkvæmdalánum (þ. e. vexti og afborganir) fyrstu árin.

Á síðustu árum hafa farið fram athuganir á að auka afköst ofnsins og draga þar með úr þörf á innflutningi erlends gjalls. Verður ráðizt í breytingar á ofninum á næsta ári í þessu skyni.

Með umfangsmiklum rannsóknum og aðgerðum, einkum í samstarfi við Rb, hefur jafnt og þétt tekizt að auka styrkleika og varnir isl. sementsins. Stendur það nú a. m. k. jafnfætis sambærilegum erlendum sementstegundum að styrkleika, auk þess sem það hefur ýmsa aukakosti, sem fást með notkun járnblendiryksins.

Meðal athyglisverðra rannsóknarverkefna, sem unnið hefur verið að s. l. 3—4 ár, er brennsla sements með rafmagni (í samstarfi við ITÍ og F.L. Smidth í Danmörku). Einnig nýting vatnsgufu frá ofni verksmiðjunnar til upphitunar. Hefur þegar verið virkjuð orka, sem nemur um 0,5 megavatti og og nægir til að hita upp hluta verksmiðjunnar. Um 2/3 sementsins er nú selt í lausu máli. Dreifikerfið byggir bæði á tankskipinu Skeiðfæxa (1977), tankbílum, svo og móttökustöðum að Ártúnshöfða (1968), Ísafirði (1978) og Krossanesi (1980).

Afkoma SR hefur s. l. 15 ár oft á tíðum verið slæm að fáum árum undanteknum. Þung erlend lán frá byggingu hennar og síðar vegna fjármögnunar flutninga- og dreifikerfis, ásamt óhagkvæmum rekstrarlánum, og óraunsæ verðlagsstefna stjórnvalda hafa valdið SR ómældum erfiðleikum. Öll árin 1978—1981 var mikill taprekstur á verksmiðjunni. Hins vegar virðist þessari þróun hafa verið snúid við samkvæmt reikningsniðurstöðum 1982.

Í samræmi við EFTA samkomulagið var innflutningur sements gefinn frjáls 1975. Þrátt fyrir óheppilega verðlagsstefnu og gífurlegar verðhækkanir olíu er verðlag á íslenzku sementi sambærilegu við norskt og danskt sement, aðeins lægra skv. alþjóðlegum heimildum. Í þessu sambandi ber að hafa í huga, að ísl. sementið nýtur verulegrar fjarlægðarverndar.

## Rekstur SR 1982.

### Framleiðsla og sala.

Gjallframleiðsla verksmiðjunnar hefur aldrei orðið eins mikil í sögu hennar og þetta ár. Varð hún 103 600 tonn. Rekstrardagar ofnsins urðu 347 og framleiðslan því 198,5 tonn á dag að meðaltali. Er hér um að ræða 5% framleiðsluaukningu miðað við dagsmeðaltal undanfarinna ára. Framleiðsla sements varð 127 500 tonn en sala 124 095 tonn.

Framleiðsla og sala sements 1982 í tonnum (1981 til samanburðar).

	1982		1981	
	Framleiðsla	Sala	Framleiðsla	Sala
Portlandsement .....	110 700	108 841	93 300	96 823
Hraðsement .....	15 300	13 830	16 600	15 050
Pozzolausment (til virkjana) .....	1 500	1 394	5 400	7 858
Hvítt sement, innfl. ....		30		44
Alls tonn	127 500	124 095	115 300	119 775

Sementið var ýmist selt sekkjað eða í lausu máli. Sekkjunaraðstaða er fyrir hendi á Akranesi og í Reykjavík. Sekkjaða sementið var afhent á báðum stöðum á bifreiðar, en aðalmagnið var flutt með flutningaskipi verksmiðjunnar, m/s Freyfaxa (er seldur var í byrjun þessa árs), á 36 hafnir á landinu. Flutningar hafa síðan að hluta verið boðnir út. Lausa sementið var flutt með tankskipinu Skeiðfaxa til Akureyrar og Reykjavíkur og dreift þaðan og frá Akranesi til viðskiptaaðila.

Skipting milli sölu á lausu og sekkjuðu sementi var sem hér segir:

	Laust	Sekkjað
Portlandsement, tonn .....	71 470	37 371
Hraðsement, tonn .....	10 195	3 635
Alls tonn	81 665	41 006
	66,6%	33,4%

Árið 1981 var sala á lausu sementi 63% og sekkjuðu 37%.

Verð hækkaði fimm sinnum á árinu 1982 og að auki flutningsjöfnunargjald tvisvar. Meðaltalshækkun milli ára varð 71,2%. Í fyrsta skipti í mörg ár nægðu þessar hækkanir til þess að sjálfur verksmiðjureksturinn varð hallalaus. Tap varð hins vegar á rekstri m/s Freyfaxa.

Fastráðið starfsfólk í árslok 1982 var 191 maður. Hafði því fjölgað um 13 manns frá árinu áður, aðallega vegna þess að lausráðið fólk frá sumrinu áður fékk vinnu áfram við byggingar vegna kolabrennslu, sem var langstærsta verkefni ársins.

Fastráðnir starfsmenn eru að jafnaði 180, en á sumrum eru starfsmenn alls um 280.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi 31.12.1982:

	kr
Rekstrartekjur .....	178 012 777
Rekstrargjöld .....	(154 291 811)
Nt. fjármagnstekjur (gjöld) .....	(25 298 300)
Hagnaður (tap) .....	(1 577 334)
Eignir .....	270 026 145
Skuldir .....	153 625 571
Eigið fé .....	116 400 574

### **Þingjörin stjórn.**

Skúli Alexandersson, alþingismaður, formaður, Ásgeir Pétursson, bæjarfógeti, Daníel Ágústínusson, aðalbókari, Friðjón Þórðarson, alþingism., Sigurjón Hannesson, trésmíðameistari. Alþingi kys stjórn til fjögurra ára hverju sinni, og var síðast kosið í stjórnina í des. 1980.

Frkvstj. tæknimála er Guðmundur Guðmundsson. Frkvstj. viðskipta- og fjármála er Gylfi Þórðarson.

### **Framtíðarhorfur.**

SR virðist nú vera að komast yfir verstu erfiðleikana, sem áður er lýst, og stjórnendur hennar líta með bjartsýni fram á við, enda þótt líkur séu á, að sementssalan á þessu ári verði 9—10 þús. tonnum minni en á síðasta ári eða 114—115 þús. tonn. Brennsla kola í stað olíu lækkar framleiðslukostnað, eins og áður er vikið að. Aukning á framleiðslugetu ofnsins er fyrirsjáanleg á næsta ári og ef vel tekst til með rafbrenslutilraunir gæti sú tækni orðið framtíðarlausn fyrir sementsframleiðslu á Íslandi. Við þessar aðstæður kemur mjög til álita að taka upp að nýju gerð steyptra vega og gatna.

## **Sjóefnavinnslan h.f., Reykjanesi.**

Með lögum nr. 62 frá 4. júní 1981 var ríkisstjórninni heimilað að beita sér fyrir stofnun hlutafélags til að reisa og reka sjóefnavinnslu á Reykjanesi, svo og að leggja fram hlutafé úr ríkissjóði og veita ríkisábyrgð fyrir lánnum til hlutafélagsins.

Félagsstjórn er kosin á aðalfundi nema fulltrúar ríkissjóðs, sem skipaðir eru af iðnaðar- og fjármálaráðherra að jöfnu. Iðnaðarráðherra fer með mál, er snerta eignaraðild ríkissjóðs að félaginu, sbr. þó tilnefningu fulltrúa í stjórn á aðalfundi. Heimild er fyrir að undanþiggja hlutabréf í félaginu stimpilgjaldi.

Sjóefnavinnslan h.f. var stofnuð 12. desember 1981. Eigendur eru ríkissjóður, sveitarfélögin á Suðurnesjum og auk þess um 500 aðilar, félög og einstaklingar. Ríkissjóður á 80% hlutafjárins. Hlutverk félagsins er að stofnsetja og reka sjóefnavinnslu á Reykjanesi. Starfsemi þess er framhald af starfsemi Undirbúningsfélags saltverksmiðju á Reykjanesi h.f., sem áður hafði starfað um nokkurra ára skeið.

### **Framleiðsla.**

Félagið vinnur að því að koma upp stórvirkum búnaði til þess að vinna salt, kalí og kalsíumklóríð úr söltu borholuvatni, sem fæst á staðnum. Auk þess eru uppi áform um að vinna þarna ýmis önnur efni, sem tengjast slíkri framleiðslu, svo sem klór og vítissóða, natríum hypóklóríð, saltsýru, og ennfremur er natríumklórat-vinnsla í athugun.

### **Framleiðsluhættir.**

Framleiðslan fer þannig fram, að jarðgufa og salt vatn (jarðsjór) er fengið úr borholum. Til þess að vinna föst efni úr þessum salta vökva þarf eimingu. Hún fer fram í eimum, sem fá orku sína frá gufunni, og síðan má kristalla út salt í sérstökum tækjum eftir því sem við á um salttegund þá, sem vinna skal.

Hér er meðal annars ætlunin að vinna verulegt magn fisksalts. Slíkt er unnið úr leginum í opnum gufuhituum kristöllumarpönnum. Saltlögur sá, sem frá pönnunum kemur, inniheldur mikið saltmagn til viðbótar því sem þannig er unnið. Þetta salt er unnið með vissri gerð kristöllumareima. Salt þetta er mjög fínkornótt og er ætlað til notkunar í ýmiss konar

iðnaði og matvælagarð. Þetta er sú salttegund, sem mesta þýðingu hefur varðandi framleiðslu þessara þátta og sem undirstaða frekari efnaiðnaðar.

Í framhaldi af því má vinna kalí (kalíumklóríð til áburðar) úr þessum legi. Kalsíumklóríðríkur lögur fæst á lokastigi þessarar vinnslu. Með lítilsháttar eimingu má fá fram kalsíumklóríð sem fast efni.

#### Núverandi staða framkvæmda.

Hér er um að ræða framkvæmdir, sem eiga sér ekki hliðstæðu annars staðar. Hér hafa því farið fram umfangsmiklar framleiðslutilraunir og uppbygging framleiðsluþátta mótast af reynslu, sem hér hefur fengist. Veigamikill þáttur í undirbúningsstarfseminni var rekstur tilraunaverksmiðju þar sem lausn var fengin á ýmsum tæknilegum atriðum, sem lúta að framleiðslu úr þessum jarðsjó. Á vegum félaganna hafa verið gerðar umfangsmiklar tilraunir með mismunandi gerðir fisksalts. Sú gerð salts, sem ákveðið hefur verið að framleiða, var prófuð á vegum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, og reyndist það mun betur en Miðjarðarhafssalt. Mat stofnunarinnar í þessu tilviki samsvarar því að fiskur saltaður með Reykjanesalti sé nokkru verðmætari til útflutnings en fiskur saltaður með Miðjarðarhafssalti.

Nú stendur yfir bygging byrjunaráfanga sjóefnavinnslu, sem miðast við 8 000 tonna saltframleiðslu á ári. Óvist er um framkvæmdir á næsta ári. Þessi byrjunaráfangi er byggður sem fyrsti hluti hins varanlega fyrirtækis. Honum er ætlað það hlutverk að kanna enn nánar viðbrögð notenda um gæði salttegunda þeirra og annarra efna, sem framleiða skal. Ennfremur að fá nánari reynslu um tæknileg atriði og markaðsforsendur.

Fyrsti þáttur þessa máls var bygging svonefnds pönnuhúss, þar sem nú eru framleidd 5 tonn á dag af fisksalti. Nú í sumar er verið að koma upp varanlegri gufuveitu, 500 kW gufufafstöð og eimum. Að því búnu verða fisksaltsafköst 25 tonn á dag eða um 8 000 tonn á ári.

Ennfremur er stefnt að því að koma upp svonefndri fínsaltsdeild, sem mun framleiða ýmsar gerðir fínsalts, kalí og kalsíumklóríð úr legi þeim, sem fæst við grófsaltsvinnsluna.

Framkvæmdakostnaður félagsins á árinu 1982 nam alls um 24,5 millj. kr. Byggingu 50 manna mótuneytis var lokið á árinu. Öll meiriháttar verk félagsins voru boðin út, og reyndust tilboð öll undir eða samkvæmt kostnaðaráætlunum.

Stofnuð var samstarfsnefnd félagsins og Hitaveitu Suðurnesja um möguleika á vinnslu kísils úr afgangsefnum, er til falla hjá báðum aðilum. Viðræður fóru fram við fulltrúa þýzks fyrirtækis um hugsanlega framleiðslu og sölu á heilsusalti, sem unnið væri úr sjó.

Félagið opnaði skrifstofu að Vatnsnesvegi 14 í Keflavík snemma árs 1982.

Starfsmenn félagsins voru 8 í árslok 1982, 6 á verksmiðjusvæði og 2 á skrifstofu. Auk þess unnu fjölmargir hönnuðir fyrir félagið undir stjórn Baldurs Línal, efnaverkfræðings.

Efnahagur í árslok 1982:

	kr.
Eignir .....	68 941 502
Skuldir .....	58 469 875
Eigið fé .....	10 471 627

Stjórnarmenn ríkisins: Guðmundur Einarsson, verkfr., formaður, skipaður af iðnaðar-ráðherra, Árni Kolbeinsson, skipaður af fjármálaráðherra, Halldór Ibsen, skipaður af iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra sameiginlega.

Framkvæmdastjóri er Finnbogi Björnsson.

### Verkefni framundan.

Stefna Sjóefnavinnslunnar h.f. er að koma upp margþættri efnavinnslu, sem grundvallist mestmegnis á því, sem úr jörðu má fá á Reykjanesi. Þannig er ætlunin að framleiða minnst 40 000 tonn af ýmsum salttegundum, minnst 4 000 tonn af kalí og 9 000 tonn af kalsíumklóríði. Auk þessa eru áform um að framleiða nokkurt magn klórs og vítissóða á staðnum.

Nýlega var hafin bygging á fiskimjölsverksmiðju á svæði Sjóefnavinnslunnar, er nýta mun gufu til þurrkunar.

Félagið hefur nú þegar látið bora nýja gufuholu, þannig að nú þegar má ætla að fyrir hendi sé nægileg gufa og jarðsjór til þess að anna minnst 40 000 tonna saltverksmiðju.

Loks skal þess getið að gagnasöfnun varðandi notkunarárangur þess salts, sem nú er unnið, er haldið áfram. Ennfremur fer nú fram athugun varðandi möguleika á stórauðinni notkun kalsíumklóríðs á vegi hér á landi og þá sérstaklega í sambandi við notkun í varanlegt slitlag. Óvissa ríkir um í hvaða framkvæmdir verður ráðist í á næsta ári.

## Steinullarverksmiðjan h.f., Sauðárkróki.

Allt frá árinu 1977 hafa verið gerðir fjölmargir arðsemisútreikningar vegna byggingar steinullarverksmiðju. Lagt hefur verið mat á mismunandi stærðir verksmiðju. Bræðsluprófanir á hráefnum hafa verið gerðar og kannaðir hafa verið ýmsir bræðsluofnar.

Með lögum nr. 61 frá 4. júní 1981 um steinullarverksmiðju var ríkisstjórninni heimilað að taka þátt í stofnun hlutafélags um byggingu steinullarverksmiðju og leggja fram allt að 40% af hlutafé þess enda verði hlutafé félagsins minnst 30% af stofnkostnaði fyrirhugaðrar steinullarverksmiðju.

Á fundi ríkisstjórnarinnar 25 maí 1982 var samþykkt svofelld tillaga: „Með tilvísun til laga nr. 61/1981 samþykkir ríkisstjórnin fyrir sitt leyti, að steinullarverksmiðja rísi á Sauðárkróki á vegum Steinullarfélagssins h.f. í samræmi við meginhugmyndir, sem félagið hefur lagt fram um stærð og markað.“

Hinn 2. desember 1982 var undirritaður stofnsamningur fyrir Steinullarverksmiðjuna h.f. og undirritaði iðnaðarráðherra stofnsamninginn fyrir hönd íslenska ríkisins. Hluthafar voru íslenska ríkið með 40% hlutafjár og Steinullarfélagið með 60% hlutafjár. Jafnframt gaf Sauðárkrókskaupstaður út yfirlýsingu um, að hann myndi ábyrgjast hlutafjárframlög Steinullarfélagssins með hliðsjón af skilyrðum ríkisins. Í byrjun árs 1983 var hafinn undirbúningur að byggingu verksmiðjunnar. Leitað var tilboða í vélar og tæki. Gerðir voru samningar við verkfræðistofur um hönnun verksmiðjunnar. Sauðárkrókskaupstaður hefur úthlutað verksmiðjunni 24 þús. m<sup>2</sup> lóð nálægt höfninni á Sauðárkróki og 4 þús. m<sup>2</sup> lóð á hafnarbakkanum undir vöruskemmu.

### Hluthafar.

Hluthafar í Steinullarverksmiðjunni h.f. eru nú:

	kr.	%
Íslenska ríkið .....	27 300 000	40
Steinullarfélagið h.f. ....	16 500 000	24
Samband ísl. samvinnufélaga .....	12 400 000	18
Kaupfélag Skagfirðinga .....	4 200 000	6
oy Partek ab, Finnlandi .....	7 900 000	12
Samtals	68 300 000	100

Ríkið hefur þegar greitt 8 millj. kr. af hlutafé sínu.

Stærsti hluthafinn í Steinullarfélaginu h.f. er Sauðárkrókskaupstaður, en hluthafar eru alls 324 talsins, einstaklingar og fyrirtæki.

#### Arðsemi — Megintilgangur.

Markmið eigenda Steinullarverksmiðjunnar er að stofna og reka arðsamt fyrirtæki, skapa ný störf og framleiða einangrun á samkeppnisfæru verði. Verksmiðjan notar nær eingöngu innlend hráefni.

Ákveðið hefur verið að takmarka framleiðslugetu verksmiðjunnar við innlendan markað. Hámarksframleiðslugeta verður 6 000 tonn á ári. Gert er ráð fyrir að fyrsta árið selji verksmiðjan 2 650 tonn, en eftir 10 ára starfrækslu verði sala orðin 5 400 tonn.

Verksmiðjan mun aðallega keppa við innflutta glerull og steinull, en þessi efni hafa um  $\frac{2}{3}$  af öllum íslenska einangrunarmarkaðnum. Reiknað er með því, að eftir þriggja ára starfrækslu hafi verksmiðjan 90% af þeim markaði, er innflutt glerull og steinull hafa nú, og enn fremur að nokkur sala verði á harðpressuðum steinullarplötum.

Reiknuð hefur verið út arðsemi fjármagns og hlutafjár. Nýjustu útreikningar eru frá september 1983. Miðað er við 12% vexti af lánnum. Reiknað er með tilviki þar sem miðað er við 8% árlega verðbólgu (sbr. helstu viðskiptalönd okkar) svo og raunávöxtun.

Helstu niðurstöður eru þessar:	Heildarfjármagn eftir skatta		Hlutafé eftir skatta	
	8% verðbólga %	Raun- ávöxtun %	8% verðbólga %	Raun- ávöxtun %
Aðalviðmiðun .....	28,4	18,9	37,7	27,5
10% verðlækkun .....	24,5	15,3	30,4	20,7
10% magnmínkun .....	25,8	16,5	32,8	23,0
Sala fer ekki fram úr 5 100 tonn .....	27,4	18,0	36,5	26,4

Greiðslufjárvandamál samkvæmt þessum útreikningum verða aðeins ef verð lækkar um 10%, þá yrðu greiðsluferfiðleikar fyrsta árið.

#### Stofnkostnaður og fjármögnun.

Stofnkostnaður verksmiðjunnar áætlaður í sept. 1983 er þannig:

	kr.
Byggingar .....	60 200 000
Vélar og tæki .....	139 800 000
Annað (vextir á byggingartíma o. fl.) .....	27 600 000
Samtals	227 600 000

Fjármögnun er áætluð:

	kr.
Hlutafé .....	68 300 000
Útflutningslán frá Export Finans Noregi og Export Kredit Finnlandi .....	86 200 000
Erlend lán .....	33 100 000
Iðnþróunarsjóður og Iðnlánasjóður .....	40 000 000
Samtals	227 600 000

Útflutningslán eru til 5 ára, og byrja afborganir sex mánuðum eftir starfsrækslu. Önnur lán eru til 8 eða 10 ára. Ríkisstjórnin hefur heimild til að ábyrgjast 25% af nauðsynlegum stofnlánum og hefur verið ákveðið að nýta þá heimild. Reiknað er með að ábyrgð ríkisins sé nauðsynleg vegna erlendra lána.

Rekstrarfé mun verksmiðjan fá í gegnum endurkaupalánakerfi Seðlabankans og frá banka fyrirtækisins, Búnaðarbanka Íslands.

Fjöldi starfsfólks er áætlaður 38 manns fyrsta starfsárið en verður 53 við 6 000 tonna framleiðslu.

Í arðsemisútreikningum er gengið út frá tilboði Ríkisskips um flutning á steinull.

#### **Markaður.**

Í upphafi kannaði stjórn verksmiðjunnar hvernig bezt væri að standa að sölu- og dreifingarmálum. Niðurstaðan var sú, að leita eftir samningum við Samband ísl. samvinnufélaga um sölu á vörum verksmiðjunnar. Samningur þessi var samþykktur á framhaldsaðalfundi Steinullarverksmiðjunnar h.f., þann 26. okt. 1983.

Sambandið mun frá þeim tíma, er það tekur að sér dreifingu á vörum verksmiðjunnar, hætta öllum innflutningi á gler- og steinull. Sambandið hefur haft milli 50 og 60% af glerullar- og steinullarmarkaðnum hérlendis.

Steinullarverksmiðjan hefur mikla fjarlægðarvernd vegna þess hve flutningskostnaður er hátt hlutfall af söluverði.

Dreifendur á steinull spara nokkuð í birgðahaldi með tilkomu íslenzkrar steinullarverksmiðju.

Gerð hefur verið ítarleg markaðskönnun vegna þessa máls. Markaður fyrir óbrennanlega einangrun (glerull og steinull) er nú talinn skiptast þannig:

	<u>tonn</u>
Einangrun nýrra bygginga .....	2 643
Endureinangrun gamalla húsa .....	840
Hljóðeinangrun .....	482
Annað .....	<u>200</u>
Samtals	4 165

Reiknað er með að markaðurinn fyrir steinull vaxi um 3,5% á ári, þannig að árið 2 000 verði heildarmarkaður 7 400 tonn og af þeim hluta hefði ísl. verksmiðja 90% eða 6 650 tonn.

Stjórnarmenn ríkisins til aðalfundar 1984 eru Magnús Pétursson, hagsýslustjóri, tilnefndur af fjármálaráðherra, og Jafet S. Ólafsson, deildarstjóri, tilnefndur af iðnaðarráðherra. Aðrir stjórnarmenn eru: Árni Guðmundsson, framkvstj., formaður, Jón Ásbergsson, framkvstj., Olafur Friðriksson, kaupfélagsstjóri, Stefán Guðmundsson, alþingismaður og Stefán Guðmundsson, útibússtjóri.

#### **Framkvæmdir.**

Lóð verksmiðjunnar hefur verið athuguð og staðsetning húsa ákveðin. Jarðvinnu er lokið að hluta. Byggingarframkvæmdir hefjast síðan í apríl 1984, og reiknað er með að verksmiðjan verði fullbúin í júní 1985.

Samningar við vélaframleiðendur eru á lokastigi. Rafbræðsluofninn verður að líkindum keyptur frá Elkem í Noregi. Stærsti hluti véla og tækja verður keyptur frá oy Partek ab í Finnlandi. Þar sem því verður við komið verða tæki smíðuð innanlands. Nær allur rafbúnaður verður hannaður og smíðaður innanlands.

Verksmiðjan notar um 2 MW af raforku.

## **Þörungavinnslan h.f., Reykhólum.**

Fyrirtækið starfar samkvæmt lögum nr. 107/1973.

Rekstrarform fyrirtækisins er hlutafélag með lögboðinni meirihlutaaðild ríkisins. Stjórn félagsins skal skipuð fimm aðalmönnum og fimm til vara, sem kosnir eru á aðalfundi. Iðnaðarráðherra fer með málefni, er varða eignaraðild ríkisins að félaginu, og fer þar af leiðandi með vald ríkisins á hluthafafundum skv. hlutafélagalögum. A. m. k. einn aðalmaður og einn varamaður í stjórn félagsins skulu vera búsettir í Austur-Barðastrandarsýslu.

Vegna stofnunar félagsins var heimild í lögum að veita ríkisábyrgð fyrir lánum til byggingar verksmiðjunnar, ennfremur var ríkisstjórninni heimilað að láta reisa og reka hitaveitu, leggja veg að hinu fyrirhugaða verksmiðjusvæði og styrkja byggingu hafnar fyrir verksmiðjuna.

### **Starfsemi.**

Ýmsir byrjunarerfiðleikar voru hjá fyrirtækinu, m. a. í sambandi við öflun þangs og vegna þess að ónógt heitt vatn var til staðar. Úr þessu var bætt 1978 og var afkoma fyrirtækisins þolanleg árin 1978 og 1979, miðað við allar aðstæður.

Í ársbyrjun 1980 sagði skozka fyrirtækið Alginate Industries (AIL) upp markaðssamningi við fyrirtækið, sem gerður var 1974 til 10 ára. Þetta leiddi til þess, að framleiðsla á þangmjöli dróst verulega saman. Samið var við AIL og hina nýju eigendur þess fyrirtækis um skaðabætur að upphæð \$1 200 000 og jafnframt um kaup á 1 500 tonnum af þangi á næstu þremur árum, en á mun lægra verði en áður hafði gilt í markaðssamningnum.

Til að aðstoða fyrirtækið vegna þessara erfiðleika og byrjunarerfiðleika í rekstri ákvað ríkisstjórnin að breyta skuldum fyrirtækisins við ríkissjóð og ríkisábyrgðasjóð í hlutafé.

Við þetta jókst hlutdeild ríkissjóðs verulega í fyrirtækinu, þannig að nú á ríkið um 94% hlutabréfa í Þörungavinnslunni. Aðrir hluthafar eru 180 talsins.

Til að bæta upp framleiðslutapið var hafin þurrkun á loðnu í verksmiðjunni árið 1980 og einnig hafa þorskhausar verið þurrkaðir yfir vetrarmánuðina. Afkoman 1981 varð sámlægt af þessum ástæðum, þrátt fyrir markaðshrunið á sölu þangmjöls. Nú hefur verksmiðjan orðið að hverfa frá þessari aukaframleiðslu vegna óvissu á Nígeríumarkaði.

Á árinu 1980 var í samvinnu við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins ráðinn markaðsfulltrúi að fyrirtækinu, og hefur hann starfað síðan að öflun nýrra markaða fyrir þang- og þaramjöl. Hefur tekist að afla nýrra markaða í Bandaríkjunum, Japan og nokkrum Evrópulöndum, þannig að í ár verða seld rúmlega 3 000 tonn, sem er 50% söluaukning frá árinu 1982.

Árið 1982 varð Þörungavinnslunni í heild mun óhagstæðara en árin á undan og kemur þar margt til, svo sem:

1. Lokun skreiðarmarkaða í Nígeríu hefur komið í veg fyrir að fyrirtækið geti nýtt brautryðjendastarf sitt við vélþurrkun á smáfiski og þorskhausum en þessar afurðir voru orðnar mikilvægur þáttur í starfsemiinni. Situr fyrirtækið uppi með nokkrar birgðir, sem líkur eru til að seljist ekki.
2. Framleiðslukostnaður í fyrirtækinu jókst umfram tekjur.
3. Sala á þara, sem farið var að vinna í stað þorskhausna að vetrinum, hefur gengið tregar en vonir stóðu til, og enn eru tæknilegir erfiðleikar á hagkvæmri vinnslu hans.
4. Erlendar skuldir fyrirtækisins og vextir af þeim í dollurum hafa hækkað verulega.

Margt af þessum ástæðum er enn fyrir hendi á árinu 1983. Hins vegar jókst þangframleiðsla verulega, úr 1 700 tonnum af mjöli 1981 í um 2 900 tonn árið 1982 og 3 500 tonn árið 1983. Jafnframt hafa markaðshorfur batnað fyrir þang til annarra nota en alginatframleiðslu og sölur orðnar reglulegar til fjölmargra viðskiptavina víða um heim. Tekizt hefur að hækka verð erlendis lítilllega, og með stækkandi sendingum til stærstu viðskiptavina

gæti flutningskostnaður lækkað nokkuð og hagkvæmni aukizt. Áhugi fer vaxandi á þangmjöli frá Þörungavinnslunni vegna gæðayfirburða þess, og markaðsstaðan styrkist óðum.

Útlit er fyrir að Þörungavinnslan h.f. selji yfir 3 000 tonn af þangmjöli á þessu ári.

Að jafnaði starfa um 25 manns í verksmiðjunni og við þangslátt á sumrin hafa auk þess starfað milli 20 og 30 manns. Þörungavinnslan leigir 10 þangöflunarpramma til bændu og annarra aðila, og hafa nokkrir bændur góð hlunnindi af þangöflun. Launagreiðslur námu um 5,5 mkr. í heild árið 1982.

#### Framtíðarhorfur.

Að mati stjórnar fyrirtækisins verður að taka heildargrundvöll fyrirtækisins til endurskoðunar. Ýmis atriði hafa færzt í betra horf fyrir verksmiðjuna á þessu ári. Telja verður að sámilega horfi um að þangvinnslan verði arðbær þann tíma ársins, sem hægt er að stunda hana, þ. e. frá því í lok apríl til miðs októbermánaðar. Auka þarf hagkvæmni í þangöflun og flutningum á þangi til verksmiðjunnar, sem eru kostnaðarsamir. Hins vegar getur hún ekki haldið uppi vetrarstarfsemi, frá október til aprílloka, og verður þar að koma önnur arðgefandi framleiðsla. Reynir nú á hvort hægt verður að gera þaravinnsluna hagkvæma, hvort unnt verður að hefja fiskþurrkun aftur, eða hvort hætta þurfi vetrarstarfsemi algerlega og freista þess að halda kostnaði á þeim tíma í lágmarki. Síðast taldi kosturinn er öndverður vegna atvinnuöryggis á Reykhólum, og raunar er takmarkað, hvað hægt er að spara vegna viðhaldsvinnu og fastakostnaðar, sem til fellur hvort sem framleitt er eða ekki. Þetta er einn meginvandi fyrirtækisins nú og stendur yfir endurskoðun á rekstri fyrirtækisins til að kanna hvað vænlegast sé til úrbóta.

#### Yfirlit um afkomu skv. rekstrar- og efnahagsreikningi 1982.

Beinar tekjur urðu 14 mkr., þegar reiknað er með 1/5 hluta af frestaðri tekjufærslu af skaðabótum frá Alginate Industries, Ltd. Til samanburðar urðu tekjur um 12,7 mkr. árið áður. Tekjur hækkuðu þannig einungis um 10% á milli ára og munar þar mestu að skreiðarsalan varð einungis 0,5 mkr. í stað 5 mkr. árið 1981. Ef fiskþurrkun hefði þróast eðlilega hefðu tekjur af henni átt að verða a. m. k. 8 mkr. á síðastliðnu ári og heildartekjur um 21 mkr. Rekstrarkostnaður jókst hins vegar úr 13,9 mkr. árið 1981 í 18,9 mkr. 1982, eða um 36%, og er því um verulegan hallarekstur að ræða við núverandi aðstæður.

		kr.
Tekjur .....		14 038 712
a) af rekstri .....	kr. 10 667 806	
b) skaðabætur .....	kr. 3 370 906	
Rekstrargjöld .....		(18 877 970)
Nt. fjármagnstekjur (gjöld) .....		(4 823 422)
Hagnaður (tap) .....		(9 662 680)
Eignir .....		42 385 073
Skuldir .....		45 177 010
Eigið fé .....		(2 791 937)

Árið 1981 var hagnaður 2,8 mkr., en 1980 1,0 mkr. tap og 1979 112 m.g.kr. hagnaður.

Stjórnarmenn ríkisins til aðalfundar 1984: Vilhjálmur Lúðvíksson, framkvstj., formaður, Jafet S. Ólafsson, deildarstj. (kemur í stað Steingríms Hermannssonar, sem óskaði eftir að vera leystur frá stjórnarstörfum er hann tók við embætti forsætisráðherra), Kjartan Ólafsson, ritstjóri.

Aðrir stjórnarmenn eru: Ólafur E. Ólafsson og Ingi G. Sigurðsson. Framkvæmdastjóri Þörungavinnslunnar er Kristján Þór Kristjánsson.